

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 11. apríl 2017 í máli nr. S-126/2016:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknari)

gegn

Halldóri Jörgen Gunnarssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Steingrími Þór Ólafssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Borgþór Friðriki Ágústssyni

(Ólafur Örn Svansson hrl.)

Thomas Zahniser

(Jón Þór Ólason hdl.)

Guðrúnu Höllu Sigurðardóttur

(Bjarni Hauksson hrl.)

Unnari Vilhelm Karlssyni

(Arnar Þór Stefánsson hrl.)

Sigríði E Guttormsdóttur

(Guðmundur Ágústsson hrl.)

og

Zophoníasi Eggertssyni

(Ómar Örn Bjarnþórsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 16. mars 2016, á hendur Halldóri Jörgen Gunnarssyni, kennitala [...], Holtabyggð 6, Hafnarfirði, Steingrími Þór Ólafssyni, kennitala [...], Skógarlundi 6, Garðabæ, Borgþóri Friðriki Ágústssyni, kennitala [...], Keilufelli 10, Reykjavík, Thomasi Zahniser, kennitala [...], Valsheiði 28, Hveragerði, Guðrúnu Höllu Sigurðardóttur, kennitala [...], Hörgsholti 25, Hafnarfirði, Unnari Vilhelm Karlssyni, kennitala [...], Miðbraut 23, Seltjarnarnesi, Sigríði E. Guttormsdóttur, kennitala [...], Noregi, og Zophoníasi Eggertssyni, kennitala [...], Skólatúni 2, Álftanesi, „fyrir eftirtalin brot framin á árunum 2009 og 2010:

I.

Á hendur ákærða Halldóri fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum:

A.

Fyrir fjársvik í opinberu starfi með því að hafa, þriðjudaginn 8. september 2009, í starfi sínu á virðisaukaskattskrifstofu skattstjórans í Reykjavík, gegn betri

vitund, samþykkt umsókn Ólafsson-heildverslun ehf., kt. [...], dags. 1. september 2009, um sérstaka skráningu á virðisaukaskattsskrá, og á grundvelli umsóknarinnar staðfest með bréfi sérstaka skráningu Ólafsson-heildverslun ehf., á virðisaukaskattsskrá frá 1. mars 2009, skv. reglugerð nr. 577/1989 um fjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, vegna byggingar atvinnuhúsnaðis að [...], Mosfellsbæ, án þess að skilyrði sérstakrar skráningar á virðisaukaskattsskrá skv. nefndri reglugerð væru fyrir hendi. Ákærði vissi að umsóknin væri tilhæfulaus og að hún uppfyllti ekki skilyrði reglugerðarinnar, en hélt því leyndu. Í bréfi ákærða var gerð krafa um ábyrgðaryfirlýsingu og tilgreint að virðisaukaskattsskýrslur yrðu ekki afgreiddar nema slík ábyrgð bærist. Í bréfinu var einnig tilgreint að virðisaukaskattsskýrslur vegna hinnar sérstöku skráningar skyldu sendar ákærða ásamt hreyfingarlista innskatts.

Með framangreindri háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A, sem sá um skráningar inn í virðisaukaskattskerfið (VSK 2000 tölvukerfið), til þess að færa skráninguna á félagið í VSK 2000 tölvukerfið þann 8. september 2009 og stofna þannig virðisaukaskattsnúmerið [...] vegna sérstakrar skráningar hjá Ólafsson-heildverslun ehf., með byrjunardagsetningu 1. mars 2009. Með þessu vakti og hagnýtti ákærði sér þá röngu hugmynd hjá A að umsókn Ólafsson-heildverslun ehf., og staðfesting ákærða um sérstaka skráningu væru lögmætar og að skilyrði sérstakrar skráningar á virðisaukaskattsskrá skv. reglugerð nr. 577/1989 væru fyrir hendi.

Fimmtudaginn 10. september 2009, lagði ákærði vísvitandi launung á að trygging sem ákærði gerði kröfu um í ofangreindu bréfi hafði ekki borist skattstjóranum í Reykjavík og var því ekki til staðar. Með þessari háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A, til þess að skrá inn í VSK 2000 tölvukerfið tilhæfulausa tryggingu, dags. 7. september 2009, að fjárhæð kr. 52.000.000 á Ólafsson-heildverslun ehf. Mánudaginn 7. desember 2009, lagði ákærði aftur vísvitandi launung á að trygging sem hann gerði kröfu um í ofangreindu bréfi hafði ekki borist skattstjóranum í Reykjavík og væri því ekki til staðar. Með þessari háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A til þess að breyta fjárhæð hinnar tilhæfulausu tryggingar í kr. 104.000.000 á Ólafsson-heildverslun ehf. í VSK 2000 tölvukerfinu. Með þessum blekkingum vakti og hagnýtti ákærði sér þá röngu hugmynd hjá A að tryggingarnar væru til staðar.

Í kjölfar framangreindrar háttsemi, sem var liður í fjársvikum ákærða Halldórs í opinberu starfi og fól í sér framangreindar blekkingar, fóru eftirtaldar virðisaukaskattsskýrslur, sem voru tilhæfulausar, að berast frá Ólafsson-heildverslun ehf. til skattstjórans í Reykjavík, til afgreiðslu hjá ákærða, svo sem hér greinir:

1. Ákærði móttók til afgreiðslu tilhæfulausa virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjörstímabilsins júlí-ágúst 2009 sem var skilað inn af hálfu Ólafsson-heildverslun ehf., til skattstjórans í Reykjavík af óþekktum aðila, með móttöku þann 18. september 2009. Á virðisaukaskattsskýrslunni var tilgreindur ranglega innskattur að fjárhæð kr. 27.345.912 og inneign að sömu fjárhæð hjá ríkissjóði. Ákærði samþykkti virðisaukaskattsskýrsluna til endurgreiðslu, þrátt fyrir að hafa vitað að hún væri tilhæfulaus og að engar byggingaframkvæmdir hafi átt sér stað af hálfu félagsins að [...], sem félagið hafði aldrei haft nein tengsl við, og lagði vísvitandi launung á það. Með framangreindri háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A, til þess að skrá þær röngu upplýsingar sem á virðisaukaskattsskýrslunni greinir í VSK 2000 tölvukerfið þann 5. október 2009 og staðfesta skýrsluna í kerfinu, þannig að tilhæfulaus inneign myndaðist hjá Ólafsson-heildverslun ehf. vegna uppgjörstímabilsins að fjárhæð kr. 27.345.912 hjá ríkissjóði. Með þessu vakti og hagnýtti ákærði sér þá röngu hugmynd hjá A og Tollstjóra að Ólafsson-heildverslun ehf. ætti inneign að fjárhæð kr. 27.345.912 hjá ríkissjóði vegna uppgjörstímabilsins og kom því til leiðar að inneignin var ranglega greidd út, af gjaldkera hjá Tollstjóra, þann 6. október 2009, með millifærslu að fjárhæð kr. 27.345.912 inn á bankareikning Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] í Íslandsbanka. Með framangreindri háttsemi hafði ákærði kr. 27.345.912 af ríkissjóði með blekkingum.

2. Ákærði móttók til afgreiðslu tilhæfulausa virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjörstímabilsins september-október 2009 sem var skilað inn af hálfu Ólafsson-heildverslun ehf., til skattstjórans í Reykjavík af óþekktum aðila, með móttöku þann 30. nóvember 2009. Á virðisaukaskattsskýrslunni var tilgreindur ranglega innskattur að fjárhæð kr. 76.159.399 og inneign að sömu fjárhæð hjá ríkissjóði. Ákærði samþykkti virðisaukaskattsskýrsluna til endurgreiðslu, þrátt fyrir að hafa vitað að hún væri tilhæfulaus og að engar byggingaframkvæmdir hafi átt sér stað af hálfu félagsins að [...], sem félagið hafði aldrei haft nein tengsl við, og lagði vísvitandi launung á það. Með framangreindri háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A, til þess að skrá þær röngu upplýsingar sem á virðisaukaskattsskýrslunni greinir í VSK 2000 tölvukerfið þann 7. desember 2009 og staðfesta skýrsluna í kerfinu, þannig að tilhæfulaus inneign myndaðist hjá Ólafsson-heildverslun ehf. vegna uppgjörstímabilsins samtals að fjárhæð kr. 76.159.399 hjá ríkissjóði. Með þessu vakti og hagnýtti ákærði sér þá röngu hugmynd hjá A og Tollstjóra að Ólafsson-heildverslun ehf. ætti inneign að fjárhæð kr. 76.159.399 hjá ríkissjóði vegna uppgjörstímabilsins og kom því til leiðar að inneignin var ranglega greidd út, af gjaldkera hjá Tollstjóra, þann 8. desember 2009, með millifærslu að fjárhæð kr. 76.141.941 inn á bankareikning Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] í Íslandsbanka. Með framangreindri háttsemi hafði ákærði kr. 76.141.941 af ríkissjóði með blekkingum.

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga.

B.

Fyrir fjársvik í opinberu starfi með því að hafa, miðvikudaginn 5. maí 2010, í starfi sínu í virðisaukaskattsdeild ríkisskattstjóra, gegn betri vitund, samþykkt umsókn H94 ehf., kt. [...], dags. 29. apríl 2010, um sérstaka skráningu á

virðisaukaskattsskrá, og á grundvelli umsóknarinnar staðfest með bréfi sérstaka skráningu H94 ehf., á virðisaukaskattsskrá frá 12. febrúar 2009, skv. reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, vegna byggingar atvinnuhúsnæðis að [...], Reykjavík, án þess að skilyrði sérstakrar skráningar á virðisaukaskattsskrá skv. nefndri reglugerð væru fyrir hendi. Ákærði vissi að umsóknin væri tilhæfulaus og að hún uppfyllti ekki skilyrði reglugerðarinnar, en hélt því leyndu. Í bréfi ákærða var tilgreint að virðisaukaskattsskýrslur vegna hinnar sérstöku skráningar skyldu sendar ákærða ásamt hreyfingarlista innskatts.

Með framangreindri háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A, sem sá um skráningar inn í virðisaukaskattskerfið (VSK 2000 tölvukerfið), til þess að færa skráninguna á félagið í VSK 2000 tölvukerfið þann 5. og 6. maí 2010 og stofnaði þannig virðisaukaskattsnúmerið [...] vegna sérstakrar skráningar hjá H94 ehf., með byrjunardagsetningu 12. febrúar 2009. Með þessu vakti og hagnýtti ákærði sér þá röngu hugmynd hjá A að umsókn H94 ehf., og staðfesting ákærða um sérstaka skráningu væru lögmætar og að skilyrði sérstakrar skráningar á virðisaukaskattsskrá skv. reglugerð nr. 577/1989 væru fyrir hendi.

Í kjölfar framangreindrar háttsemi, sem var liður í fjársvikum ákærða Halldórs í opinberu starfi og fól í sér framangreindar blekkingar, fóru eftirtaldar virðisaukaskattsskýrslur og leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts, sem voru tilhæfulausar, að berast frá H94 ehf. til ríkisskattstjóra, til afgreiðslu hjá ákærða, svo sem hér greinir:

1. Ákærði móttók til afgreiðslu sex tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur vegna uppgjörstímabilanna janúar-febrúar, mars-apríl, maí-júní, júlí-ágúst og september-október 2009 og janúar-febrúar 2010, og eina tilhæfulausa leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts vegna ársins 2009 þar sem uppgjörstímabilinu nóvember-desember 2009 hafði verið bætt við, skýrslunum var skilað inn af hálfu H94 ehf., til ríkisskattstjóra af óþekktum aðila, með móttöku þann 4. maí 2010. Á skýrslunum var tilgreindur ranglega innskattur vegna ofangreindra tímabila á árunum 2009 og 2010 samtals að fjárhæð kr. 81.130.593 og inneign að sömu fjárhæð hjá ríkissjóði vegna allra tímabilanna. Ákærði samþykkti skýrslurnar til endurgreiðslu, þrátt fyrir að hafa vitað að virðisaukaskattsskýrslurnar og leiðréttingarskýrslan væru tilhæfulausar, og að mestu leyti vegna virðisaukaskattstímabila aftur fyrir stofndag H94 ehf., sem og að engar byggingaframkvæmdir hafi átt sér stað af hálfu félagsins að [...], sem félagið hafði aldrei haft nein tengsl við, og lagði vísitandi launung á það. Með framangreindri háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A, til þess að skrá þær röngu upplýsingar sem á þeim greinir í VSK 2000 tölvukerfið þann 6. maí 2010 og staðfesta þær í kerfinu, þannig að tilhæfulausar inneignir mynduðust hjá H94 ehf. vegna ofangreindra uppgjörstímabila samtals að fjárhæð kr. 81.130.593 hjá ríkissjóði. Með þessu vakti og hagnýtti ákærði sér þá röngu hugmynd hjá A og Tollstjóra að H94 ehf. ætti inneign samtals að fjárhæð kr. 81.130.593 hjá ríkissjóði vegna ofangreindra uppgjörstímabila og kom því til leiðar að inneignin var

ranglega greidd út, af gjaldkera hjá Tollstjóra, þann 7. maí 2010, með millifærslu samtals að fjárhæð kr. 81.130.593 inn á bankareikning H94 ehf., nr. [...] í Arion banka. Með framangreindri háttsemi hafði ákærði kr. 81.130.593 af ríkissjóði með blekkingum.

2. Ákærði móttók til afgreiðslu tilhæfulausa virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjörstímabilsins mars-apríl 2010, skýrslunni var skilað inn rafrænt þann 3. júní 2010 á vef ríkisskattstjóra af hálfu H94 ehf., af óþekktum aðila. Á virðisaukaskattsskýrslunni var tilgreindur ranglega innskattur að fjárhæð kr. 93.199.562 og inneign að sömu fjárhæð hjá ríkissjóði. Ákærði samþykkti skýrsluna til endurgreiðslu, þrátt fyrir að hafa vitað að hún væri tilhæfulaus, og að engar byggingaframkvæmdir hafi átt sér stað af hálfu félagsins að [...], sem félagið hafði aldrei haft nein tengsl við, og lagði vísvitandi launung á það. Með framangreindri háttsemi blekkti ákærði samstarfskonu sína A, til þess að skrá þær röngu upplýsingar sem á virðisaukaskattsskýrslunni greinir í VSK 2000 tölvukerfið þann 8. júní 2010 og staðfesta skýrsluna í kerfinu, þannig að tilhæfulaus inneign myndaðist hjá H94 ehf. vegna uppgjörstímabilsins að fjárhæð kr. 93.199.562 hjá ríkissjóði. Með þessu vakti og hagnýtti ákærði sér þá röngu hugmynd hjá A og Tollstjóra að H94 ehf. ætti inneign að fjárhæð kr. 93.199.562 hjá ríkissjóði vegna uppgjörstímabilsins og kom því til leiðar að inneignin var ranglega greidd út, af gjaldkera hjá Tollstjóra, þann 10. júní 2010, með millifærslu að fjárhæð kr. 93.199.562 inn á bankareikning H94 ehf., nr. [...] í Arion banka. Með framangreindri háttsemi hafði ákærði kr. 93.199.562 af ríkissjóði með blekkingum.

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga.

C.

Fyrir peningaþvætti með því að hafa, á tímabilinu frá október 2009 til loka ágúst mánaðar 2010, tekið við frá óþekktum aðila samtals kr. 9.609.500 í reiðufé, sem ákærði nýtti sér í eigin þágu og fjölskyldu sinnar á tímabilinu. Fjármunirnir sem ákærði tók við voru hluti af ólögum ávinningi af auðgunarbrotum hans í opinberu starfi sem lýst er í liðum A og B og meðákærðu Thomas, Guðrún, Unnar og Sigríður höfðu tekið út í reiðufé í bankaútibúum Arion banka og Íslandsbanka á ofangreindu tímabili samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum frá meðákærða Steingrími, sem nánar er lýst í ákæruköflum IV-VII, og þau afhentu meðákærða Steingrími samkvæmt fyrirmælum hans, og hann afhenti síðan ótilgreindum aðila fjármunina, svo sem lýst er í ákærukafli II.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Á hendur ákærða Steingrími fyrir peningaþvætti, með því að hafa:

1. Fengið meðákærða Thomas til að gerast prókúruhafi að bankareikningi H94 ehf., nr. [...] í Arion banka gegn greiðslu þóknunar og meðákærðu Guðrúnu,

Unnar og Sigríði að gerast prókúruhafar að bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] í Íslandsbanka gegn greiðslu þóknunar, svo sem lýst er í ákæruköflum IV-VII. Í kjölfar þess að þau höfðu öðlast prókúru skipulagði ákærði Steingrímur, á tímabilinu 6. október 2009 til 23. júlí 2010, og gaf meðákærðu Thomasi, Guðrúnu, Unnari og Sigríði fyrirmæli og leiðbeiningar um, er ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi sem lýst er í A og B hluta ákærukafla I hafði verið millifærður af Tollstjóra inn á bankareikninga félaganna, hvernig úttektum og millifærslum á hinu ólöglega fengna fé af bankareikningum Ólafsson-heildverslun ehf. og H94 ehf., skyldi háttáð og að afhenda sér síðan þá fjármuni sem þau höfðu tekið út í reiðufé í bankaútibúum Arion banka og Íslandsbanka. Í kjölfarið framfylgdu þau fyrirmælum og leiðbeiningum ákærða Steingríms, svo sem nánar er lýst í ákæruköflum IV-VII.

2. Á tímabilinu 6. október 2009 til loka júlímánaðar 2010, tekið við frá meðákærðu Thomasi, Guðrúnu, Unnari og Sigríði samtals allt að fjárhæð kr. 277.818.008 í reiðufé, þrátt fyrir að hafa hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Í kjölfar þess að hafa tekið við fjármuninum geymdi ákærði þá um stund og afhenti loks ótilgreindum aðila fjármunina. Fjármunirnir sem ákærði tók við frá meðákærðu voru ólögmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi sem lýst er í A og B hluta ákærukafla I og meðákærðu Thomas, Guðrún, Unnar og Sigríður höfðu tekið út í reiðufé í bankaútibúum Arion banka og Íslandsbanka, samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum frá ákærða Steingrími, svo sem nánar er lýst í ákæruköflum IV-VII.

Með framangreindri háttsemi, sem lýst er í ákærukafla II, aflaði ákærði öðrum ávinnings og fékk kr. 8.000.000 í reiðufé fyrir sem hann nýtti sér í eigin þágu.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Á hendur ákærða Borgþóri fyrir peningaþvætti með því að hafa, í júlí 2010 hitt meðákærða Thomas á veitingastaðnum Austurlandahraðlestin að Hlíðasmára 8 í Kópavogi og tekið við frá Thomasi poka er innihélt allt að kr. 17.000.000 í reiðufé sem Borgþór geymdi og nýtti sér í eigin þágu og fjölskyldu sinnar, þrátt fyrir að hafa hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Fjármunirnir sem ákærði Borgþór tók við frá meðákærðu Thomasi voru ólögmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi sem lýst er í A og B hluta ákærukafla I og hluti af úttektum meðákærðu Thomasar og Guðrúnar sem nánar er lýst í lið 5 í ákærukafla IV og lið 2 í ákærukafla V.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Á hendur ákærða Thomasi fyrir peningaþvætti með því að hafa, að beiðni meðákærða Steingríms og gegn þóknun að lágmarki kr. 100.000 gerst prókúruhafi að bankareikningi H94 ehf., nr. [...] í Arion banka og í kjölfarið samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum meðákærða Steingríms tekið út fjármuni, sem voru

ólögmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi sem lýst er í A og B hluta ákærukafla I, af bankareikningi félagsins nr. [...] og tekið við þeim og haldið í sínum vörslum uns hann afhenti þá, einnig tekið við fjármunum frá meðákærðu Guðrúnu sem voru einnig ólögmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi og afhent fjármunina og loks millifært eða látið millifæra fjármuni af bankareikningnum, þrátt fyrir að ákærða Thomasi hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Er háttsemi ákærða lýst nánar sem hér greinir:

1. Farið á tímabilinu frá 15. desember 2009 til 29. desember 2009, í alls 14 tilvikum, í útibú Arion banka í Reykjavík, Garðabæ og Kópavogi og tekið út í reiðufé samtals kr. 27.900.000, af bankareikningi H94 ehf., nr. [...] og tekið við fjármuninum og haldið þeim í sínum vörslum uns hann afhenti meðákærða Steingrími fjármunina.
2. Farið á tímabilinu frá 10. maí 2010 til 23. júlí 2010, í alls 59 tilvikum, í útibú Arion banka í Reykjavík, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ og tekið út í reiðufé samtals kr. 89.915.830, af bankareikningi H94 ehf., nr. [...] og tekið við fjármuninum og haldið þeim í sínum vörslum uns hann afhenti meðákærða Steingrími fjármunina að undanskildum þeim fjármunum sem hann afhenti meðákærða Borgþóri, svo sem nánar er lýst í lið 5, að fjárhæð allt að kr. 7.630.000.
3. Millifært í netbanka Arion banka á tímabilinu frá 11. maí 2010 til 8. júlí 2010 í alls 12 tilvikum, samtals kr. 37.583.971 af bankareikningi H94 ehf., nr. [...], og inn á bankareikning Ólafsson-heildverslun ehf., kt. [...], nr. [...] í Íslandsbanka.
4. Farið á tímabilinu frá 21. maí 2010 til 6. júlí 2010, í alls 15 tilvikum, í útibú Arion banka í Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík og Mosfellsbæ og gefið gjaldkera fyrirmæli um að millifæra samtals kr. 46.814.965 af bankareikningi H94 ehf., nr. [...], og inn á bankareikning Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] í Íslandsbanka.
5. Farið í júlí 2010 samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum meðákærða Steingríms á heimili meðákærðu Guðrúnar að [...] í Hafnarfirði og tekið við poka er innihélt kr. 9.370.000 í reiðufé sem Guðrún hafði tekið út og tekið við í útibúum Íslandsbanka, svo sem nánar er lýst í lið 2 í ákærukafla V, þrátt fyrir að ákærða Thomasi hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða sem hann tók við frá Guðrúnu, síðan farið samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum Steingríms á veitingastaðinn Austurlandahraðlestin að Hlíðasmára 8 í Kópavogi í því skyni að hitta þar mann og afhenda honum fjármunina. Á veitingastaðnum hitti ákærði meðákærða Borgþór fyrir og afhenti honum poka er innihélt þá fjármuni sem Guðrún afhenti ákærða auk annarra fjármuna, sem ákærði hafði sjálfur tekið út í reiðufé í bankaútibúum Arion banka, sbr. lið 2, samtals að fjárhæð allt að kr. 17.000.000.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Á hendur ákærðu Guðrúnu Höllu fyrir peningþvætti með því að hafa, að beiðni meðákærða Steingríms og gegn þóknun samtals að fjárhæð allt að kr. 3.500.000 gerst prókúruhafi að bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] í Íslandsbanka og í kjölfarið samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum meðákærða Steingríms tekið út fjármuni, sem voru ólögðmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi sem lýst er í A og B hluta ákærukafla I, af bankareikningi félagsins nr. [...] og tekið við fjármununum og haldið þeim í sínum vörslum uns hún afhenti þá og einnig látið millifæra fjármuni af bankareikningnum, þrátt fyrir að ákærðu Guðrúnu hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Er háttsemi ákærðu lýst nánar sem hér greinir:

1. Farið á tímabilinu frá 30. október 2009 til 18. desember 2009, í alls 32 tilvikum, í útibú Íslandsbanka í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Akranesi og tekið út í reiðufé samtals kr. 41.300.190, af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] og tekið við fjármununum og haldið þeim í sínum vörslum uns hún afhenti meðákærða Steingrími fjármunina.
2. Farið á tímabilinu frá 11. maí 2010 til 23. júlí 2010, í alls 51 tilviki, í útibú Íslandsbanka í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Garðabæ og Kópavogi og tekið út í reiðufé samtals kr. 92.520.570, af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] og tekið við fjármununum og haldið þeim í sínum vörslum uns hún afhenti meðákærða Steingrími fjármunina að undanskildum kr. 9.370.000 sem hún afhenti meðákærða Thomasi í júlí 2010 á heimili sínu að [...] í Hafnarfirði, svo sem nánar er lýst í lið 5 í ákærukafla IV.
3. Farið 15. desember 2009 í útibú Íslandsbanka í Garðabæ og gefið gjaldkera fyrirmæli um að millifæra kr. 4.000.000 af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...], og inn á bankareikning H94 ehf., kt. [...], nr. [...] í Arion banka.
4. Farið 16. desember 2009 í útibú Íslandsbanka í Hamraborg, Kópavogi og gefið gjaldkera fyrirmæli um að millifæra kr. 4.000.000 af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...], og inn á bankareikning H94 ehf., nr. [...] í Arion banka.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Á hendur ákærða Unnari fyrir peningþvætti með því að hafa, að beiðni meðákærða Steingríms og gegn þóknun samtals að fjárhæð allt að kr. 250.000 gerst prókúruhafi að bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] í Íslandsbanka og í kjölfarið samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum meðákærða Steingríms tekið út fjármuni, sem voru ólögðmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi sem lýst er í A og B hluta ákærukafla I, af bankareikningi félagsins nr. [...] og tekið við fjármununum og haldið þeim í sínum vörslum uns hann afhenti meðákærða Steingrími þá og einnig látið millifæra fjármuni af bankareikningnum,

þrátt fyrir að ákærða Unnari hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Er háttsemi ákærða lýst nánar sem hér greinir:

1. Farið á tímabilinu frá 9. október 2009 til 17. desember 2009, í alls 13 tilvikum, í útibú Íslandsbanka í Reykjavík, Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði, og tekið út í reiðufé samtals kr. 13.850.000, af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] og tekið við fjármununum og haldið þeim í sínum vörslum uns hann afhenti meðákærða Steingrími fjármunina.
2. Farið 17. desember 2009 í útibú Íslandsbanka að Kirkjusandi í Reykjavík og gefið gjaldkera fyrir mæli um að millifæra kr. 3.900.000 af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...], og inn á bankareikning H94 ehf., kt. [...], nr. [...] í Arion banka.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Á hendur ákærðu Sigríði fyrir peningþvætti með því að hafa, að beiðni meðákærða Steingríms og gegn þóknun samtals að fjárhæð allt að kr. 400.000 gerst prókúruhafi að bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] í Íslandsbanka og í kjölfarið samkvæmt fyrir mælum og leiðbeiningum meðákærða Steingríms tekið út fjármuni, sem voru ólöglegur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi sem lýst er í A og B hluta ákærufylla I, af bankareikningi félagsins nr. [...] og tekið við fjármununum og haldið þeim í sínum vörslum uns hún afhenti meðákærða Steingrími þá og einnig látið millifæra fjármuni af bankareikningnum, þrátt fyrir að ákærðu Sigríði hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Er háttsemi ákærðu lýst nánar sem hér greinir:

1. Farið á tímabilinu frá 6. október 2009 til 23. desember 2009, í alls 12 tilvikum, í útibú Íslandsbanka í Reykjavík, Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði, og tekið út í reiðufé samtals kr. 19.536.380, af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...] og tekið við fjármununum og haldið þeim í sínum vörslum uns hún afhenti meðákærða Steingrími fjármunina.
2. Farið 21. desember 2009 í útibú Íslandsbanka í Garðabæ og gefið gjaldkera fyrir mæli um að millifæra kr. 16.000.000 af bankareikningi Ólafsson-heildverslun ehf., nr. [...], og inn á bankareikning H94 ehf., kt. [...], nr. [...] í Arion banka.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

VIII.

Á hendur ákærðu Steingrími, Guðrúnu Höllu og Zophoníasi fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot:

1. Gegn ákærða Steingrími, með því að hafa að kvöldi til í september- eða októbermánuði á árinu 2009, komið með tösku á þáverandi heimili meðákærðu

Guðrúnar og Zophoníasar að [...] í Hafnarfirði sem innihélt samtals 11.024 g af kannabisefnum (hassi), ætluðum til söludreifingar í ágóðaskyni, og beðið meðákærðu Guðrúnu og Zophonías að varðveita töskuna og fíkniefnin í ótilgreindan tíma og síðan afhent þeim töskuna og fíkniefnin til varðveislu.

2. Gegn ákærðu Guðrúnu og Zophoníasi, með því að hafa þriðjudaginn 14. september 2010, á þáverandi heimili þeirra að [...] í Hafnarfirði haft í vörslum sínum, ætluðum til söludreifingar í ágóðaskyni, samtals 11.024 g af kannabisefnum (hassi), sem lögregla fann við húsleit hjá ákærðu, en ákærðu Guðrún og Zophonías móttöku tösku sem innihélt fíkniefnin frá meðákærða Steingrími og varðveittu þau samkvæmt beiðni meðákærða Steingríms, sbr. lið 1.

Telst háttsemi ákærðu varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga.

IX.

Dómkröfur:

1. Ákærðu verði dæmd til refsingar.
2. Ákærðu greiði allan sakarkostnað.
3. Gerð verði upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 233/2001 samtals 11.024 g af kannabisefnum (hassi) sem lögreglan lagði hald á, sbr. ákærukafla VIII.
4. Ákærði Steingrímur sæti upptöku á gylltum og silfurlituðum krossi, gullkeðju og Tag Heuer – armbandsúri, samtals að verðmæti kr. 1.300.000 (munaskrárnúmer 81766) aðallega með vísan til 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. áðurgildandi upptökuákvæða laganna, en til vara með vísan til 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga, sem lögreglan lagði hald á við leit á heimili ákærða 10. nóvember 2010 að Skógarlundi 6 í Garðabæ.
5. Ákærði Steingrímur sæti upptöku á ólögum ávinningi, aðallega með vísan til 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. áðurgildandi upptökuákvæða laganna, en til vara með vísan til 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga, að fjárhæð kr. 5.800.000 sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins þann 6. desember 2010. Fjármunina reiddi ákærði Steingrímur fram sem greiðslu vegna kaupa á sumarhúsi að [...], Bláskógabyggð, fastanúmer [...] af X, kt. [...]. Kaupin gengu hins vegar ekki

eftir og rifti seljandi kaupsamningnum og afhenti lögreglu fjármunina, sem voru hluti af ólögmætum ávinningi af brotum ákærða Steingríms, sbr. ákærukafla II. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar hinna haldlögðu fjármuna frá haldlagningardegi til upptökudags (munaskrárnúmer 97250).

6. Ákærða Guðrún sæti upptöku á ólögmætum ávinningi, aðallega með vísan til 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. áðurgildandi upptökuákvæða laganna en til vara með vísan til 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga, að fjárhæð kr. 550.000 sem lögreglan lagði hald á við fyrrgreinda leit á heimili ákærðu 14. september 2010 að [...] í Hafnarfirði. Fjármunirnir voru hluti af ólögmætum ávinningi af brotum ákærðu, sbr. ákærukafla V. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar hinna haldlögðu fjármuna frá haldlagningardegi til upptökudags (munaskrárnúmer 97248).“ [M. 007-2010-59036] [M. 007-2010-59437]

A

1

Upphaf þessa máls er að rekja til þess að síðla sumars 2010 barst Fjármunabrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu tilkynning frá ríkislögreglustjóra um ætlað peningþvætti tengt fyrirtækjunum H94 ehf. og Ólafsson-heildverslun ehf. varðandi óvenjulegt fjárstreymi og peningaúttektir af reikningum Ólafsson-heildverslunar ehf., en peningastreymið stafaði frá H94 ehf. Í upplýsingaskýrslu lögreglu 8. apríl 2011 segir að við frekari skoðun á tilkynningunni hafi verið beint fyrirspurn til skattrannsóknarstjóra ríkisins um starfsemi fyrrnefndra félaga og veltu þeirra í VSK-kerfinu til að átta sig á því hvort um einhverja raunverulega starfsemi væri að ræða. Við skoðun skattrannsóknarstjóra ríkisins kom í ljós að ekki var allt með felldu varðandi útgreiðslu á innskatti til H94 ehf. vegna endurbóta á húsnæði að [...] þar sem áætlaðar endurbætur voru að fjárhæð 910.000.000 króna með virðisaukaskatti. Á grundvelli sérstakrar skráningar á virðisaukaskattsskrá samkvæmt reglugerð nr. 577/1989 hafi endurgreiddur innskattur á reikning H94 ehf. verið 174.330.155 krónur í tveimur færslum í maí og júní 2010. Heimild til endurgreiðslu á innskatti varði framkvæmdir vegna atvinnuhúsnæðis sem ætlað sé til útleigu.

Í sömu skýrslu lögreglu segir enn fremur að 10. september 2010 hafi starfsmenn skattrannsóknarstjóra farið á skrifstofu ríkisskattstjóra og rætt við starfsmann í VSK-deild, ákærða Halldór Jörgen Gunnarsson, sem hafi skýrt frá því að hafa afgreitt erindið og að kaupsamningar og önnur gögn varðandi endurbætur á húsnæðinu hafi verið lögð inn en gögnin hafi ekki fundist þrátt fyrir leit. Við

athugun á húsnæðinu að [...] hafi komið í ljós að húsnæðið hafi verið í eigu ótengds lögaðila síðan 2001 og var brunabótamat húsnæðisins rúmar 153 milljónir króna. Ekki voru til neinar heimildir um kaup og sölu eignarinnar eftir 2001 og þá ekki um að húsnæðið hefði verið endurbætt á umliðnum árum.

Þann 13. september 2010 var ákveðið að hefja frekari eftirgrennslan vegna málsins, meðal annars með því að kalla eftir bankayfirlitum H94 ehf. og Ólafsson-heildverslunar ehf. á grundvelli laga um peningaþvætti. Við skoðun skattrannsóknarstjóra á reikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. í Íslandsbanka komu í ljós tvær færslur frá Tollstjóra í október og desember 2009, samtals um 103.000.000 króna, sem að mestu höfðu verið teknar út í reiðufé fyrir lok árs 2010. Prókuruhafar reikningsins frá október 2009 voru ákærðu Unnar Vilhelm Karlsson, Guðrún Halla Sigurðardóttir og Sigríður E. Guttormsdóttir. Þá leiddi skoðunin í ljós að uppruni þeirra innborgana voru endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna endurbóta á iðnaðarhúsnæði í eigu Þ ehf. að [...] í Mosfellsbæ. Skráðar endurbætur námu 400.000.000 króna, en brunabótamat eignarinnar var 140.000.000 króna.

Félagið H94 ehf. var með reikning í Arion banka og var ákærði Thomas Zhaniser eini prókuruhafi reikningsins. Eina peningainnstreymi á reikning félagsins voru greiðslur frá Tollstjóra og millifærslur frá Ólafsson-heildverslun ehf. Voru peningarnir ýmist millifærðir á Ólafsson-heildverslun ehf. eða teknir út í reiðufé.

2

Í greinargerð skattrannsóknarstjóra ríkisins um sérstaka skráningu Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. 15. september 2010 segir að aðili sem byggir fasteign sem sé atvinnuhúsnæði og selji hana til virðisaukaskattsskylds aðila geti sótt um sérstaka skráningu til skattstjóra samkvæmt reglugerð nr. 577/1989 um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Veiti sérstök skráning aðilum aukinn rétt til endurgreiðslu innskatts og miði reglurnar að því að virðisaukaskattsskyldur aðili, væntanlegur kaupandi húsnæðisins, sé eins settur hvað skattinn varðar hvort sem hann kaupir húsnæði í byggingu eða byggir sjálfur yfir starfsemi sína. Skilyrði til þess að fá sérstaka skráningu í þeim tilfellum þegar kaupsamningur liggur ekki fyrir um húsnæði er að lögð sé fram trygging fyrir útskatti og innskatti samkvæmt 1. mgr. 3. gr. nefndrar reglugerðar sem er fullnægjandi að mati skattstjóra.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 577/1989 skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um sérstaka skráningu:

1. Skriflegur og fullgildur kaupsamningur byggingaraðila og skattskylds aðila um fasteignina.
2. Yfirlýsing kaupanda um ætluð not hans á fasteigninni.

3. Skuldbinding kaupanda um yfirtöku á kvöð um leiðréttingu innskatts, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt verði breyting á notkun fasteignar sem hafi í för með sér breytingu á frádráttarrétti.

Með bréfi 8. september 2009 staðfesti ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson, starfsmaður ríkisskattstjóra, sérstaka skráningu Ólafsson-heildverslunar ehf. á grundvelli umsóknar 1. september 2009. Í umsókninni var óskað eftir sérstakri skráningu vegna framkvæmda við byggingu atvinnuhúsnæðis að [...] í Mosfellsbæ. Samkvæmt bréfinu er skráningarnúmer hinnar sérstöku skráningar [...]. Áætlaður byggingarkostnaður samkvæmt umsókninni var 400.000.000 króna með virðisaukaskatti og áætlaður virðisaukaskattur 98.000.000 króna. Þá kom fram að húsnæðið hafi verið selt Þ ehf., kt. [...]. Tekið er fram að sá aðili sé ekki skráður sem virðisaukaskattsskyldur aðili og að gera eigi bót á því.

Með bréfi 5. maí 2010 staðfesti ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson sérstaka skráningu H94 ehf. á grundvelli umsóknar 29. apríl 2010. Um var að ræða atvinnuhúsnæði að [...] í Reykjavík og hefðu framkvæmdir byrjað í febrúar 2009. Áætlaður byggingarkostnaður væri 910.000.000 króna með virðisaukaskatti. Skráningarnúmer hinnar sérstöku skráningar væri [...]. Þá kom fram að H94 ehf. hefði selt húsnæðið til Y ehf., kt. [...], samkvæmt meðfylgjandi kaupsamningi og að í því ljósi hefði verið óskað eftir að ábyrgðaryfirlýsing banka samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 577/1989 félli niður. Er tekið fram í staðfestingunni að ríkisskattstjóri hefði fallist á það.

Í fyrrnefndri greinargerð skattrannsóknarstjóra ríkisins segir að starfsmenn hafi farið á skrifstofu ríkisskattstjóra 10. september 2010 til þess að sækja gögn um endurgreiðslu vegna sérstakrar skráningar hjá H94 ehf. Hittu þeir ákærða Halldór Jörgen sem greindi þeim frá því að gögnin myndu ekki í möppu sem þau ættu að vera í, en venjan væri sú að gengið væri frá málum sem þessum í tilteknar möppur og að þau væru skráð í GoPro, málakerfi embættisins, en það hefði ekki verið gert í þessu tilviki. Þá segir að leitað hafi verið í kössum þar sem öll gögn um sérstaka skráningu áttu að vera niðurkomin, en án árangurs. Stóð skrifstofa skattstofunnar í Reykjavík í flutningum á þessum tíma og því voru flest gögn í kössum í húsnæðinu við heimsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Utan eins óundirritaðs bréfs 5. maí 2010 og tölvubrúfs ákærða Halldórs Jörgens 4. júní 2010, sem hann sendi á netfangið [...] og óskaði eftir hreyfingalistum vegna uppgjörstímabilsins mars-apríl ásamt ljósriti af stærstu reikningnum, fundust ekki önnur gögn vegna málanna tveggja. Við skoðun á öðrum afgreiðslum ákærða Halldórs Jörgens á umsóknum um sérstaka skráningu kom í ljós að önnur mál sem ákærði Halldór Jörgen sá um afgreiðslu á uppfylltu öll skilyrði, og gögn vegna þeirra fundust á viðeigandi stöðum. Skjöl sem komu inn vegna umsókna voru

skönnuð inn í GoPro-málakerfið, en slíkt var ekki gert í tilviki Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. Bankaábyrgð vegna Ólafsson-heildverslunar ætti samkvæmt verklagi hjá skattstofunni og ríkisskattstjóra að vera geymd í hólfi ásamt öðrum slíkum ábyrgðum, en hún hafi ekki fundist þar þrátt fyrir leit. Þá hafi skjalið ekki verið á lista yfir ábyrgðir í peningaskáp á Tryggvagötu.

Þá segir að fundist hafi bréf 15. desember 2009, undirritað af ákærða Halldóri Jörgen Gunnarssyni, fyrir hönd skattstjórans í Reykjavík, stílað á Landsbankann, NBI hf. Þar komi fram að Landsbankinn hafi tekið á sig ábyrgðir á endurgreiðslu virðisaukaskatts að fjárhæð 104.000.000 króna vegna byggingarframkvæmda hjá Ólafsson-heildverslun ehf. vegna vinnu við atvinnuhúsnæði að [...] í Mosfellsbæ. Jafnframt segir að ábyrgðin sé eigi lengur nauðsynleg samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og hafi ekki verið frá og með 15. desember 2009. Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Landsbankanum hafi umræddar ábyrgðaryfirlýsingar aldrei verið gefnar út. Þá liggi fyrir að númeraröð sem notuð sé í bréfinu sé ekki í samræmi við þá númeraröð sem notuð sé af hálfu bankans. Efni bréfsins eigi því ekki við rök að styðjast.

Loks segir í greinargerð skattrannsóknarstjóra ríkisins að samstarfsmaður Halldórs Jörgens hafi lokað númerum H94 ehf. 2010 og Ólafsson-heildverslunar ehf. vegna sérstakrar skráningar samkvæmt munnlegri beiðni frá honum. Ekki hafi fundist gögn þar sem handhafar númeranna óska eftir því að þeim yrði lokað.

3

Tilkynning um stofnun Ólafsson-heildverslunar ehf. var móttækin hjá ríkisskattstjóra 9. nóvember 2005. Lögheimili félagsins var að Mýrargötu 9, Vogum og dagsetning samþykktu 9. nóvember 2005. Sendandi tilkynningarinnar var ákærði Steingrímur Þór Ólafsson. Stofnandi félagsins var ákærða Sigríður E. Guttormsdóttir og var hún jafnframt stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi þess. Í varastjórn átti sæti Steingrímur Þór Ólafsson. Lögheimili félagsins var flutt að Holtaseli 36 í Reykjavík, sem var heimilisfang B. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess innflutningur, heildsala, kaup og sala eigna, smásala, leiga á eignum og lánastarfsemi.

Ársreikningum félagsins var skilað til skattfyrivalda fyrir rekstrarárin 2006-2009. Fyrir árin 2006-2008 eru þeir undirritaðir af Sigríði E. Guttormsdóttur, en 2009 af Thomasi Zahniser. Skattframtal 2010 vegna rekstrarársins 2009 var móttækið hjá ríkisskattstjóra 6. september 2010 eða nokkru eftir að rannsókn málsins hófst. Var það undirritað af Thomasi Zahniser. Á skattframtalið, sem skilað var á pappír, var ritað að enginn rekstur hefði verið á árinu 2009 og rekstrargjöld útskýrð með afskriftum birgða.

Tveimur virðisaukaskattsskýrslum var skilað vegna virðisaukaskattsnúmersins [...]. Önnur vegna uppgjörstímabilsins júlí-ágúst 2009 og hin vegna september-október 2009. Báðar skýrslurnar voru með inneign, þannig að óskað var eftir endurgreiðslu á innskatti, samtals að fjárhæð 103.505.311 krónur á grundvelli fyrrnefndra virðisaukaskattsskýrslna. Í skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins segir að engin gögn hafi verið fyrirbyggjandi varðandi rekstur Ólafsson-heildverslunar ehf. sem gátu staðfest réttmæti virðisaukaskattsskýrslanna. Þá hafi engin gögn fundist hjá skattstjóranum í Reykjavík eða ríkisskattstjóra vegna könnunar á rekstrarlegum forsendum fyrir þeim innskatti sem komi fram á skýrslunum þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir þeim.

4

Tilkynning um stofnun H94 ehf. var móttækin hjá ríkisskattstjóra 10. desember 2009. Lögheimili félagsins var að Lækjasmára 6, Kópavogi, og dagsetning samþykktá 8. desember 2009. Stofnandi félagsins var ákærði Thomas Zahniser og var hann jafnframt stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Í varastjórn var tilgreindur C og skoðunarmaður D. Samkvæmt samþykktum félagsins var tilgangur félagsins kaup og rekstur fasteigna, fjárfestingar, útleiga fasteigna, kaup og sala lausafjármuna, innflutningur lausafjármuna og önnur skyld starfsemi. Hlutfé félagsins var 500.000 krónur og var ákærði Thomas Zahniser einn skráður fyrir öllu hlutfé.

Ársreikningi 2009 var skilað til skattyfirvalda 13. september 2010. Á reikninginn er ritað TZ. Þá var skattframtal 2010 vegna rekstrarársins 2009 móttækið hjá ríkisskattstjóra 10. september 2010. Var því skilað á pappír og undirritað af Thomasi Zahniser. Hvorki var skilað ársreikningi né skattframtali vegna rekstrarársins 2010.

Skráning á virðisaukaskattsnúmeri fyrir H94 ehf. í upplýsingakerfið VSK 2000 var gerð 5. maí 2010. Fékk félagið virðisaukaskattsnúmerið [...]. Í fyrrnefndri skýrslu skattransóknarstjóra er rakið að breyting hafi verið gerð 6. maí 2010 og upphafsdagur á starfsemi félagsins skráður 20. febrúar 2009, sem veki athygli þar sem félagið hafi verið stofnað í desember 2010 eða 11 mánuðum síðar. Hafi þetta verið gert til að skila inn virðisaukaskattsskýrslum frá þeim tíma. Þá segir að með skráningu lokadagsetningar 16. júní 2010 hafi virðisaukaskattsnúmerinu verið lokað með dagsetningunni 30. apríl 2010. Sé það ekki gert án samráðs við rekstraraðila eða án undangenginna bréfaskipta. Engin gögn, hvorki bréf né tölvupóstur, liggi fyrir með beiðni frá eigendum eða forsvarsmönnum H94 ehf., eða starfsmönnum ríkisskattstjóra, um að loka virðisaukaskattsnúmerinu.

Skilað var fimm virðisaukaskattsskýrslum vegna H94 ehf. á árinu 2009 sem allar voru inneignarskýrslur þar sem óskað var endurgreiðslu á innskatti, samtals að

fjárhæð 75.914.103 krónur. Þá var tveimur virðisaukaskattsskýrslum skilað vegna félagsins á árinu 2010 ásamt einni leiðréttingarskýrslu. Báðar skýrslurnar voru inneignarskýrslur þar sem óskað var endurgreiðslu á innskatti, samtals að fjárhæð 98.419.052 krónur. Í skýrslu skattransóknarstjóra segir að engin gögn hafi fundist sem staðfest gætu réttmæti virðisaukaskattsskýrslanna við könnun á rekstrarlegum forsendum fyrir þeim innskatti sem tilgreindur hafi verið á skýrslunum.

B

Svo sem fram er komið hófst rannsókn þessa máls síðla árs 2010. Við upphaf rannsóknarinnar var aflað yfirlita yfir bankareikninga félaganna H94 ehf. og Ólafsson-heildverslunar ehf. Síndu yfirlitin hinar háu greiðslur frá Tollstjóra inn á reikningana sem voru teknar smám saman út af reikningum félaganna bæði í reiðufé og með millifærslum milli reikninga félaganna. Til rannsóknar voru innlagnir og úttektir á tímabilinu frá október 2009 til júlí 2010.

Aðgerðir lögreglu við rannsóknina, handtökur og húsleitir, hófust 14. september 2010. Voru ákærðu Halldór Jörgen Gunnarsson, Thomas Zahniser, Unnar Vilhelm Karlsson, Sigríður E. Guttormsdóttir og Guðrún Halla Sigurðardóttir handtekin og húsleitir framkvæmdar á heimilum þeirra allra nema Halldórs Jörgens. Ákærði Zophonías Eggertsson var einnig handtekinn án þess að hafa tengsl við ætlað fjármunabrot, en á heimili Guðrúnar Höllu fundust við húsleit 11 kíló af kannabisefnum og 550.000 krónur í reiðufé við húsleit. Taldi lögregla ákærða Zophonías sambýlismann Guðrúnar Höllu á þessum tíma og hefðu efnin því fundist á sameiginlegu heimili þeirra. Voru fyrstu skýrslur teknar af sakborningum 14. september 2010 og þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald degi síðar. Sat Halldór Jörgen í gæsluvarðhaldi til 5. nóvember 2010, Sigríður, Thomas og Unnar Vilhelm til 12. október 2010, en Guðrún Halla til 11. október sama ár. Ákærði Zophonías sat í gæsluvarðhaldi til 6. október 2010 vegna ætlaðrar aðildar hans að stórfelldu fíkniefnalagabroti.

Þann 15. september 2010 var gerð húsleit á heimili ákærða Steingríms Þórs Ólafssonar sem þá var staddur erlendis. Var sambýliskona hans handtekin á heimili þeirra og færð til yfirheyrslu. Var hún látin laus daginn eftir. Við húsleit á heimili ákærða Steingríms 9. nóvember 2010 lagði lögregla hald á skartgripi að ætluðu verðmæti 1.300.000 krónur.

Gefin var út handtökuskipun á hendur Steingrími 16. september 2010. Var hann handtekinn í Venesúela 27. september 2010 og hafður í haldi þar. Honum var vísað úr landi og fylgt til Íslands. Var hann handtekinn við komuna til landsins 12. nóvember 2010 og úrskurðaður í gæsluvarðhald degi síðar. Sat ákærði Steingrímur Þór í gæsluvarðhaldi til 10. desember 2010.

Við rannsókn lögreglu kom í ljós að báðir ákærðu, Halldór Jörgen og Steingrímur Þór, höfðu verið í símasambandi við ákærða Borgþór Friðrik Ágústsson. Í ljós kom að Halldór Jörgen er frændi og góður vinur Borgþórs Friðriks, auk þess sem sá síðarnefndi þekkti ákærða Steingrím. Þá bar ákærði Thomas Zahniser um það hjá lögreglu að ákærði Steingrímur hefði í eitt skipti, líklega í júlí 2010, lagt fyrir hann að afhenda úttekna fjármuni öðrum manni, sem lögregla taldi af lýsingu á manninum að væri ákærði Borgþór Friðrik. Var ákærði Borgþór Friðrik Ágústsson handtekinn 10. október 2010 og úrskurðaður í gæsluvarðhald degi síðar. Hafði ákærði Thomas þá bent á Borgþór Friðrik við myndsakbendingu sem þann mann sem hann hefði afhent fjármuni í júlí 2010. Ákærði Borgþór Friðrik sat í gæsluvarðhaldi til 5. nóvember 2010.

Ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson var ítrekað yfirheyrður af lögreglu vegna málsins á meðan hann sat í gæsluvarðhaldi. Eftir að hann var látinn laus 5. nóvember 2010 var hann yfirheyrður hjá lögreglu vegna málsins 2. desember 2010, 26. og 27. janúar 2011, og síðast 26. mars sama ár.

Ákærði Borgþór Friðrik Ágústsson var sem fyrr segir látinn laus úr gæsluvarðhaldi 5. nóvember 2010. Hann var yfirheyrður hjá lögreglu 10., 11., 14. og 20. október 2010, 5. nóvember og 9. desember sama ár og loks 7. mars 2013.

Ákærði Steingrímur Þór Ólafsson var yfirheyrður hjá lögreglu vegna málsins 13., 18. og 25. nóvember 2010 og 10. desember sama ár.

Ákærði Thomas Zahniser var yfirheyrður hjá lögreglu vegna málsins dagana 14., 18. og 29. september 2010 og 8. og 10. október sama ár.

Ákærða Sigríður E. Guttormsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglu vegna málsins 14., 18. og 29. september 2010 og 8., 12., 15. og 19. október sama ár.

Ákærða Guðrún Halla Sigurðardóttir var yfirheyrð hjá lögreglu 15. og 21. september 2010 og 4. og 10. október sama ár.

Ákærði Unnar Vilhelm Karlsson var yfirheyrður hjá lögreglu vegna málsins 14. og 18. september 2010 og 6. og 12. október sama ár.

Ákærði Zophonías Eggertsson var yfirheyrður hjá lögreglu vegna ætlaðrar aðildar að fjármunabroti 20. september 2010 og vegna ætlaðrar aðildar að stórfelldu fíkniefnalagabroti 15. og 17. september 2010 og 6. október sama ár.

Lögregla gerði skýrslu um skoðun á munum og gögnum sem haldlögð voru á heimili ákærðu Guðrúnar Höllu Sigurðardóttur. Skýrslan er dagsett 8. október 2010. Í skýrslu lögreglu 27. september 2010 eru tilgreindar þær tölvur og gagnageymslur sem teknar voru til rannsóknar. Var leitað að leitarorðunum „H94“ og „Ólafsson“. Þá er í skýrslum lögreglu 5. nóvember 2010 og 6. janúar 2011 gerð grein fyrir þeim farsímum sem teknir voru til rannsóknar vegna málsins. Í tveimur skýrslum E sérfræðings 30. nóvember 2010 og 14. janúar 2011 kemur fram að hann

hafi lokið skoðun á tölvum sem voru haldlagðar í málinu. Voru tekin afrit af skjölum og tölvupósti í þágu rannsóknar málsins. Loks segir í skýrslu lögreglu 16. mars 2011 að skoðuð hafi verið ein HP-fartölva með 60 GB hörðum disk, fjórir USB-minnislyklar og flakkari með 120 GB hörðum disk.

Greinargerð skattransóknarstjóra ríkisins um sérstaka skráningu mála Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. er dagsett 15. september 2010. Með greinargerðinni fylgja tvær skýrslur, annars vegar fyrir Ólafsson-heildverslun ehf. og hins vegar fyrir H94 ehf., báðar dagsettar 20. desember 2013. Þann 19. janúar 2017 lagði sækjandi fram endurskoðaða skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins fyrir Ólafsson-heildverslun ehf. dagsetta 23. júlí 2014. Enn fremur umbeðin svör frá Landsbankanum 26. febrúar 2014 við fyrirspurn lögreglu í tölvubréfi 13. febrúar 2014 varðandi ábyrgðaryfirlýsingu.

Meðal málgagna eru þrjár greinargerðir sem F lögreglufulltrúi vann um rannsókn á fjármálum ákærðu Halldórs Jörgens Gunnarssonar, Borgþórs Friðriks Ágústssonar og Steingríms Þórs Ólafssonar. Fyrstnefnda greinargerðin er dagsett 17. febrúar 2014, en hinar tvær eru ódagsettar.

Lögregla tók skýrslur af vitnum eða skráði eftir vitnum upplýsingar í þágu rannsóknar málsins á tímabilinu frá 16. september 2010 til og með 5. janúar 2012.

Hinn 19. nóvember 2010 kyrrsetti sýslumaðurinn í Hafnarfirði tilteknar eignir Halldórs Jörgens Gunnarssonar. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 26. janúar 2015 var kyrrsetningin felld úr gildi á þeim grundvelli að varnaraðili í málinu, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, hefði ekki veitt viðhlítandi skýringar á því af hverju rannsókn málsins hefði tekið á fimmta ár sem væri óhæfilega langur tími að virtum fyrirbyggjandi gögnum um umfang málsins. Var úrskurður héraðsdóms staðfestur með vísan til forsendna hans með dómi Hæstaréttar Íslands 10. febrúar 2015 í málinu númer 96/2015.

Rannsóknargögn í tveimur málum með lögreglunúmerunum 007-2010-59036 og 007-2010-59437 voru móttækin hjá ríkissaksóknara 20. júní 2014 og var ákæra ríkissaksóknara gefin út 14. mars 2016.

C

Mál þetta var þingfest 20. maí 2016. Ákærðu neituðu sök og fengu frest til 30. júní sama ár til þess að skila greinargerð af sinni hálfu. Þann dag skiluðu verjendur Steingríms Þórs Ólafssonar, Sigríðar E. Guttormsdóttur, Unnars Vilhelms Karlssonar og Thomasar Zahniser greinargerðum í málinu. Verjandi Guðrúnar Höllu Sigurðardóttur fékk viðbótarfrest til 24. ágúst 2016 til að skila greinargerð hennar í málinu. Í þinghaldinu var bókað í þingbók málsins að ákærði Zophonías Eggertsson krefðist frávísunar ákærunnar hvað hann varðaði. Þann 24. ágúst 2016 lagði verjandi Guðrúnar Höllu fram greinargerð. Þá var munnlegur málflutningur

vegna frávísunarkröfu Steingríms Þórs og Zophoníasar ákveðinn 18. október 2016. Þann dag var málið tekið til úrskurðar að afloknum munnlegum málflutningi. Úrskurður var kveðinn upp 8. desember 2016. Var frávísunarkröfum Steingríms Þórs og Zophoníasar hafnað.

Aðalmeðferð málsins var ákveðin dagana 16., 18., 19. og 20. janúar 2017.

Með tölvubréfi dómsformanns til saksóknara og verjenda ákærðu 10. janúar 2017 var tilkynnt að dómur í málinu yrði fjölskipaður og tækju Gunnar Aðalsteinsson og Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómarar sæti í dómi við upphaf aðalmeðferðar.

Í þinghaldið 16. janúar 2017, fyrir upphaf aðalmeðferðar, krafðist verjandi ákærða Halldórs Jörgens Gunnarssonar þess að meðdómarinn Sandra Baldvinsdóttir viki sæti í málinu þar sem hún væri vanhæf vegna aðkomu sinnar að máli ákærða Halldórs Jörgens Gunnarssonar á rannsóknarstigi málsins. Kröfu ákærða var hafnað með úrskurði dómsins sama dag. Með dómi Hæstaréttar Íslands 18. janúar 2017 var úrskurður héraðsdóms staðfestur.

Aðalmeðferð málsins fór fram dagana 19. og 20. janúar og 14., 15. og 16. febrúar 2017.

D

Ákærði Steingrímur Þór Ólafsson lagði fram skriflega greinargerð í málinu samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar segir meðal annars um tildrög málsins að ónafngreindur maður hafi sett sig í samband við hann og beðið hann um aðstoð við að ná peningum sem fastir væru í kerfinu. Sá ónafngreindi hafi markað farveg verkefnisins þannig að peningarnir yrðu lagðir inn á bankareikninga einkahlutafélaga og skyldi ákærði síðan sjá um að koma fjármununum til hans. Kvaðst ákærði ekki hafa litið svo á að peningarnir væru tilkomnir vegna brotastarfsemi og þess vegna hefði hann ekki haft ástæðu til að ætla annað en að allt væri með felldu. Kveðst ákærði Steingrímur hafa orðið við tilmælum hins ónafngreinda manns, sem hann hefði þekkt lengi að góðu einu, og því fengið meðákærðu til þess að aðstoða sig við að ná peningunum sem fastir væru „í kerfinu erlendis og þyrftu að komast heim í hendur eigenda sinna ...“ Þá segir að almennt hefðu meðákærðu sem hann talaði við tekið þátt í þessu og talið að um löglega starfsemi væri að ræða. Ákærði lýsir sig saklausan af sakargiftum sem tilgreindar eru í VIII. kafla ákærunnar. Ekki verði séð að rannsóknargögn renni stoðum undir sakargiftirnar, enda ekkert í málinu sem tengi hann við þau fikniefni sem tilgreind eru í ákærinni, nema fullyrðingar meðákærðu Guðrúnar Höllu og Zophoníasar, en slíkar fullyrðingar vörsluaðila séu léttvægar og eingöngu settar fram til að koma af sér sök. Krefst ákærði aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem bundin verði skilorði. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði

greiddur úr ríkissjóði. Loks krefst ákærði þess að hann fái afhenta haldlagða muni, tilgreinda í 4. og 5. tölulið IX. kafla ákærunnar.

Ákærði Thomas Zahniser lagði fram skriflega greinargerð í málinu samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Krefst ákærði vægustu refsingar er lög leyfa og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð. Hefur ákærði viðurkennt að sú verknaðarlýsing sem fram komi í IV. kafla ákærunnar sé rétt, en leggur meðal annars áherslu á að hann hafi í engu komið að skipulagningu hinna meintu brota og honum hafi ekki orðið ljóst umfang þeirra fyrir en við lögreglurannsókn málsins. Kveðst ákærði hafa borið um það hjá lögreglu að fyrsta aðkoma hans að málinu hafi verið sú að meðákærði Steingrímur Þór Ólafsson hefði komið að máli við hann og beðið hann um að vera skráðan fyrir félaginu H94 ehf. og hafi það eingöngu verið að forminu til. Ákærði gerir alvarlegar athugasemdir við framgang og framkvæmd lögreglurannsóknar sem leiddi til ákæru í málinu. Segir ákærði annmarka á meðferð málsins slíka að hann geti ekki talist hafa notið réttlátrar málsmeðferðar, eins og áskilið sé samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 6. gr. laga nr. 62/1994 og meginreglur laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Rannsókn málsins hafi hafist um miðjan september 2010 og beri gögn málsins með sér að rannsókn málsins hafi legið niðri svo mánuðum eða árum skipti. Teknar hafi verið nokkrar skýrslur af ákærða á meðan hann sætti gæsluvarðhaldi, síðast 12. október 2010. Eftir þá skýrslu hafi ákærði verið frjáls ferða sinna. Næsta skýrsla og sú síðasta hafi verið tekin 3. júní 2013 eða tæpum þremur árum síðar. Ákæra hafi svo verið gefin út 14. mars 2016. Hafi lögreglu verið í lófa lagið að ljúka rannsókn málsins mun fyrir en gert var. Engar haldbærar skýringar hafi komið fram á þeim óhóflegu hléum sem orðið hafi á rannsókninni.

Ákærði Unnar Vilhelm Karlsson lagði fram skriflega greinargerð í málinu samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Krefst hann sýknu af öllum sakargiftum. Viðurkennir ákærði að hafa hlutrænt séð viðhaft þá háttsemi sem greinir í ákæru, en hafnar því sem röngu og ósönnuðu að huglæg afstaða hans hafi staðið til verknaðarins, það er að honum hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Verði af þeim sökum að sýkna hann af sakargiftum, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Byggir ákærði á því að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að fjármunir sem hann tók út í reiðufé af bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og millifærði af reikningi sama félags hefðu verið fengnir með ólögum hætti. Í greinargerðinni rökstyður ákærði þessi sjónarmið sín og bendir meðal annars á að honum hafi verið kunnugt um að fjármunir á bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. stöfuðu frá ríkissjóði. Í ljósi þess hlutverks ákærða að taka út peninga og millifæra hafi það ekki getað vakið hjá honum tortryggni um lögmæti fjármunanna. Einnig sú staðreynd að bakakerfið hafi

verið notað við hið meinta brot hafi verið til þess fallið að draga úr því að hann gæti talist grandsamur um meinta ólögsmæta tilkomu fjármunanna. Loks segir að fari svo að talið verði að huglæg afstaða ákærða til verknaðarins sé gáleysi og verði háttsemi hans felld undir 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga verði engu að síður að sýkna ákærða vegna þess að refsiramma ákvæðisins sé sex mánuðir, en samkvæmt a-lið 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga fynist sök slíks verknaðar á tveimur árum. Þótt fyrir liggi að rannsókn málsins hafi hafist áður en því tveggja ára tímamarki var náð, sbr. 4. mgr. 82. gr. laganna, sé ljóst að hún hafi stöðvast löngum stundum og hafi ekki verið fram haldið með skikkanlegum hætti. Sama eigi við um meðferð ákærvaldsins á málinu. Sé gáleysissök því fyrnd, teljist hún hafa verið fyrir hendi, og verði því að sýkna ákærða af þeirri ástæðu.

Ákærða Sigríður E. Guttormsdóttir lagði fram skriflega greinargerð í málinu samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar segir meðal annars að ákærða mótmæli því ekki að hún hafi að beiðni meðákærða Steingríms gerst prókúruhafi að bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. í Íslandsbanka eða að hún hafi notað heimildina til að taka út peninga af reikningnum í alls 12 skipti á tímabilinu frá 6. október 2009 til 23. desember sama ár, samtals 19.536.380 krónur, og millifært 21. desember 2009 af sama reikningi yfir á reikning H94 ehf. 16.000.000 króna. Á hinn bóginn hafnar ákærða því að hún hafi þegið sérstaka eða óeðlilega þóknun fyrir úttektirnar eða að hafa vitað eða mátt vita eða gert sér grein fyrir því að hinir útteknu fjármunir væru ólöglega fengið fé. Krefst ákærða aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa, sem verði skilorðsbundin að öllu leyti.

Ákærða Guðrún Halla Sigurðardóttir lagði fram skriflega greinargerð í málinu samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Krefst ákærða aðallega sýknu, en til vara að refsing verði felld niður og til þrautavara að hún verði látin sæta vægustu refsingu sem lög leyfa og verði fangelsisrefsing skilorðsbundin. Ákærða neitar sök. Í greinargerð hennar segir meðal annars að ákærða hafi ekki vitað hvaðan fjármunir þeir sem málið snúist um voru komnir. Engin skýrsla sakbornings eða vitnis staðfesti að ákærðu hafi verið kunnugt um uppruna fjárins og sönnun gangi í meginatriðum út á að meta atvik og aðstæður. Rannsókn málsins hafi dregist mjög alvarlega og því sé langur tími liðinn frá atvikum, en í því sambandi sé lögð áhersla á að tíminn spilli allri sönnun og hafi áhrif á minni fólks. Töfin valdi eðli málsins samkvæmt vafa og í því sambandi sé ástæða til að skírskota til þeirrar grundvallarreglu að allan skynsamlegan vafa beri að meta sakborningi í hag, sbr. 108.-112. gr. laga nr. 88/2008, og að sönnunarbyrðin hvíli á ákærvaldinu. Auk peningaþvættis sé ákærðu gefið að sök að hafa ásamt meðákærða Zophoníasi haft í vörslum sínum samtals 11.024 g af kannabisefnum

sem fundust í tösku á heimili ákærðu að [...] í Hafnarfirði. Hefðu þau tekið við töskunni frá meðákærða Steingrími og varðveitt hana að hans beiðni. Ákærða neitar því að hafa vitað að taskan innihélt fíkniefni, en orðalag ákærunnar gangi ekki út á það að hún hafi vitað eða hlotið að vita að fíkniefni væru í töskunni.

E

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærði *Halldór Jörger Gunnarsson* gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði frá því að hann væri með BS-próf í viðskiptalögfræði og masterspróf í skattalögfræði frá Háskólanum á Bifröst. Kvaðst ákærði hafa sérhæft sig á sviði skattaréttar og skrifað lokaverkefni sitt um sérstaka og frjálsa skráningu. Ákærði kvaðst hafa verið rekinn þegar málið kom upp. Spurður um tengsl við meðákærðu sagði ákærði þau engin vera nema við ákærða Borgþór Friðrik sem væri frændi ákærða. Sagði ákærði að þeir hefðu hist öðru hverju og talað saman í síma á árunum 2009 og 2010. Kvaðst ákærði ekki hafa haft nein tengsl við ákærðu Steingrím og Sigríði. Ákærði kvaðst hafa hafið störf á skattstofunni í Reykjavík 6. október 2008. Hann hafi þar unnið eftir lögum um virðisaukaskatt og reglugerð um sérstaka og frjálsa skráningu. Þá hafi hann unnið eftir gátlistum eða leiðbeiningum um hvaða gögn ættu að fylgja umsóknum um sérstaka skráningu þegar þær bærust. G og H hefðu verið yfirmenn ákærða og haft eftirlit með störfum hans.

Spurður um helstu verkefni ákærða hjá skattstjóranum í Reykjavík og síðar ríkisskattstjóra sagði ákærði hafa starfað við það að taka á móti og samþykkja umsóknir um sérstaka skráningu og auk þess að fara yfir bókhald og skýrslur fyrir sérstaka og frjálsa skráningu. G hefði komið honum inn í starfið í upphafi og sýnt honum hvernig það væri innt af hendi. Sérstök skráning væri „utan um hald“ um byggingu atvinnuhúsnæðis og endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingarkostnaði eins og lög heimili. Krafan væri sú að húsnæðið færi síðar í virðisaukaskattsskylda starfsemi. Verkefnið taldi ákærði flókið og sérhæft og krefðist aðgæslu. Ákærði kvaðst hafa sinnt þessu starfi einn, en borið allar meiri háttar ákvarðanir undir yfirmenn, stórar skráningar eins og Hörpu og hús Bauhaus.

Ferli sérstakrar skráningar lýsti ákærði þannig að umsókn bærist sem hann hefði tekið við. Fyrst væru gögn með umsókn borin saman við gátlista og reglugerðina til að ganga úr skugga um að allt stemmdi. Ef ekki væri kallað eftir frekari gögnum og þegar allt væri klárt væri umsóknin samþykkt. Umsókn og gögn með henni væru sett í sérstaka möppu sem merkt væri viðkomandi fasteign og götuheiti. A hefði tekið við samþykkttri umsókn og skráð upplýsingar í VSK 2000 kerfið sem héldi utan um allar skráningar á virðisaukaskatti. Kvaðst ákærði ekki hafa getað skráð sjálfur inn í kerfið. Eftir að staðfestingarbréf hefði verið útbúið fyrir sérstaka skráningu kvaðst ákærði hafa rétt blaðið til A og sagt að opna þyrfti

VSK-númer fyrir viðkomandi félag.

Spurður um umsókn Ólafsson-heildverslunar ehf. um sérstaka skráningu dagsetta 1. september 2009 bar ákærði að hann hefði mótttekið umsóknina. Þá hafi hann samið fyrirspurn til umsækjanda og óskað eftir viðbótargögnum. Því hafi einhver gögn fylgt umsókninni en einhver hafi vantað og um þau verið beðið bréflaga. Spurður sérstaklega um það hvort bréfið hafi verið sent út úr húsi sagði ákærði: „Það hlýtur að vera.“ Umsóknir hafi ekki verið vistaðar í GoPro-kerfinu, en bréf hafi verið vistuð þar. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neina skýringu á því að gögn með umsókn félagsins fyndust ekki. Möppurnar hefðu verið staðsettar austast á hæðinni þar sem skrifstofa skattstjóra var til húsa og fyrir framan skrifstofur hjá deildarstjóra og aðstoðardeildarstjóra og tveimur öðrum starfsmönnum. Einhver hefði tekið gögnin og fjarlægt þau úr möppunum. Bókhaldsgögn hefðu týnst í fórum skattstjóra og ekki fundist. Spurður kvaðst ákærði hafa tekið á móti umsókninni og farið yfir hana og borið saman við reglugerð og gátlista. Þá hafi gögn með umsókninni verið skoðuð og sett í sérstaka möppu. Fyrirtækjaskrá og fasteignaskrá ríkisins hefðu verið skoðaðar og bornar saman við umsókn. Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir því hvort eigendasaga [...] hefði verið skoðuð við vinnslu umsóknarinnar. Bæri eigendaskráningu í Fasteignaskrá ekki saman við framlagðan kaupsamning bar að miða við þinglýstan kaupsamning. Það hefði honum verið sagt að gera.

Spurður um ábyrgðir eða tryggingar vegna umsóknar Ólafsson-heildverslunar ehf. sagði ákærði að almennt bærust ábyrgðir í ábyrgðarpósti eða að þeim væri framvísað á staðnum. Um væri að ræða skjal frá banka þar sem lýst sé að bankinn veiti ábyrgð að tiltekinni fjárhæð. Tryggingar voru geymdar í peningaskáp í Tryggvagötu. Spurður um hvað hann hefði gert við ábyrgðir kvaðst ákærði hafa farið með þær til A sem skráði ábyrgðir. Tekin hefðu verið ljósrit af ábyrgðum sem vistaðar voru í möppu viðkomandi eignar.

Spurður um tvær virðisaukaskattsskýrslur vegna Ólafsson-heildverslunar ehf. kvaðst ákærði hafa stimplað og samþykkt báðar skýrslurnar til greiðslu. Samtala skýrslanna væri 103.505.311 krónur sem væri hærri samtala en komi fram í staðfestingu ákærða, en þar væri talað um 98 milljónir. Spurður sagði ákærði að slíkt gæti hent og þá hefði verið óskað eftir hærri ábyrgð, enda þyrfti ábyrgð að dekkja endurgreiðslur. Samþykktar virðisaukaskattsskýrslur færu til þeirra starfsmanna sem sæju um að skrá í kerfið. Bar ákærði að A hefði skráð skýrslurnar í kerfið að hans beiðni. Eftir skráningu í kerfið myndist inneign hjá ríkissjóði og væri það í höndum tollstjóra að greiða inneignir út úr ríkissjóði.

Ákærði dró það í efa að það hefði verið hann sem hefði flett upp skattframtölum meðákærðu Sigríðar Guttormsdóttur og Steingríms Þórs Ólafssonar.

Uppflettingin hefði verið í hádeginu og þá hefði hann aldrei verið við. Einhver hefði verið í hans starfsstöð og flett framtölunum upp. Þá kvaðst ákærði ekki hafa flett upp fasteigninni [...], það hefði í öllu falli ekki verið hann, því að hann hefði ekkert haft með það að gera áður en umsókn um sérstaka skráningu barst.

Hvað varðar félagið H94 ehf. kvaðst ákærði hafa fyllt út staðfestingu á sérstakri skráningu á virðisaukaskattsskrá. Félagið hefði lagt inn umsókn 29. apríl 2010 og óskað eftir sérstakri skráningu vegna framkvæmda við endurbyggingu á 921 fermetra atvinnuhúsnæði að [...] í Reykjavík. Eftir staðfestingu sé virðisaukaskattsnúmeri úthlutað og staðfestingin send H94 ehf. Ákærði kvaðst ekki geta svarað því hvort einhverjir aðrir hefðu komið að staðfestingunni. Spurður hvaða gögn hefðu fylgt umsókn félagsins svaraði ákærði því til að öll gögn sem þurfti til að heimila skráningu hefðu fylgt umsókninni. Ákærði kvaðst aðspurður ekki vita hvað orðið hefði um gögnin en þau hefðu verið geymd í möppu merktri félaginu, húsnúmeri og götuheiti. A hafi gefið út virðisaukaskattsnúmerið fyrir félagið og hafi fært þá skráningu í kerfið hjá sér 5. maí 2010. Hefði hún gert það á grundvelli staðfestingar ákærða. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hefði kannað eigendasögu fasteignarinnar við afgreiðsluna, en sagði „hugsanlega“. Þegar ákærða var bent á það að hvorki H94 ehf. né Y ehf. hefðu átt eignina kvaðst ákærði ekki hafa kannað eigendasögu fasteignarinnar. Spurður sagðist ákærði hafa gert þau mistök við staðfestingu á sérstakri skráningu félagsins að samþykka hana ásamt virðisaukaskattsskýrslum aftur fyrir stofndag félags sem var í desember 2009. Kvaðst ákærði ekki hafa rekið augun í þetta. Þá svaraði ákærði því til aðspurður að hann hefði engar skýringar á því hvers vegna gögn með umsóknum félaganna Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. hefðu horfið. Benti ákærði á að eftir sameiningu skattstofunnar og ríkisskattstjóra hefði hæðin að Tryggvagötu verið full af iðnaðarmönnum og hefði starfsmönnum verið bent á að tala ekki um viðkvæm málefni þar sem verið væri að hlusta úti um allt. Hugsanlega gætu einhverjir af iðnaðarmönnum hafa tekið gögnin eða einhver starfsmaður. Hundrað manns hefðu verið að vinna þarna og á hæðinni fyrir ofan. Klárlega hefði einhver utanaðkomandi tekið gögnin því að þau hefðu verið til staðar þegar ákærði var þarna. Spurður um það hvort ákærði hefði notað stimpilinn „samþykkt HG“ svaraði ákærði því játandi. Þá kvaðst ákærði ekki rengja það að hann hefði samþykkt virðisaukaskattsskýrslur vegna sérstakrar skráningar H94 ehf. og eftir það hefði A skráð skýrslurnar í VSK 2000 tölvukerfið. Spurður kvaðst ákærði eins og alltaf hafa fengið hreyfingalista og ljósrit af „stærstu“ reikningum þegar hann samþykkti skýrslurnar. Hafði ákærði ekki skýringar á því af hverju gögn þessi myndust ekki. Þá kannaðist ákærði við að hafa beðið A að staðfesta virðisaukaskattsskýrslur vegna sérstakrar skráningar H94 ehf.

Ákærði sagðist aðspurður hafa staðið mjög vel fjárhagslega á árunum 2009 og 2010. Þá kvaðst ákærði hafa fundið peninga á leið heim úr vinnu. Greindi ákærði frá því að hann hefði verið að ganga að bílnum sínum á bílastæði starfsmanna og séð grænan poka við framdekkið á bílnum, kippt honum með og tekið þá slæmu ákvörðun að hirða peninga sem voru í pokanum, bæði íslenska og erlenda peninga, samtals að fjárhæð 6,5 milljónir króna. Ákærði kvaðst hafa keypt erlendan gjaldeyri fyrir um fjórar milljónir sem voru lagðar inn á bankareikning ákærða á Spáni. Þá kom fram í framburði ákærða að hann hefði ekkert við fjármálagreiningu lögreglu að athuga.

Ákærði kvaðst hafa unnið í opnu rými með I og A. Sagði ákærði alla aðra starfsmenn á hæðinni, bæði í virðisaukaskattsdeild og eftirlitsdeild, hafa getað farið í síma ákærða og tölvu sem ekki hefði haft sérstakt aðgangsorð. Ákærði sagði aðspurður að A hefði verið almennur starfsmaður sem hefði haft heimild til að skrá í kerfið og afskrá og gat ein tekið ákvörðun um að senda fyrirmæli á tollstjóra um endurgreiðslu á hundruðum milljóna króna.

Ákærði *Steingrímur Þór Ólafsson* skýrði frá því fyrir dómi að hann hefði aldrei séð Halldór Jörgen fyrir þingfestingu málsins, en sagði Borgþór Friðrik, Unnar Vilhelm, Guðrúnu Höllu og Zophonías vera kunningja sína og vinafólk og Sigríði fyrrverandi kærustu sína. Spurður um atvinnu 2009 og 2010 sagðist ákærði hafa verið óvinnufær vegna andlegra og líkamlegra veikinda eftir alvarlegt bílslys þar sem hann hefði hryggbrotnað og orðið óvinnufær með öllu. Spurður um fjárhagsstöðu á þessum tíma sagðist ákærði hafa reitt sig á foreldra sína á þessum tíma, en búist við að fá slysabætur. Spurður um Ólafsson-heildverslun ehf. sagði ákærði félagið hafa verið notað áður fyrr við innflutning á snyrtivörum. Hann og meðákærða Sigríður hefðu átt félagið saman. Spurður mundi ákærði ekki af hverju hann hefði sagt sig úr stjórn félagsins. Félagið hefði aldrei átt fasteignina að [...] í Mosfellsbæ.

Ákærði sagði ónafngreindan mann hafa talað við sig og beðið sig að redda tveimur félögum af því að það þyrfti að koma fjármagni til landsins til réttra eigenda. Það var ástæðan fyrir því að félögin voru notuð. Ákærði kvaðst hafa trúað manningum, sem hann vildi ekki nafngreina. Ekkert saknæmt hefði verið við beiðni mannsins og hefði hann trúað manningum og treyst honum og því fengið vini sína og fyrrverandi kærustu til aðstoðar. Kvaðst ákærði hafa spurt hvort þau væru til í verkið, en ekki neytt neinn til þess. Þau hafi verið til og hafi hann sagt hinum ónafngreinda manni frá því og sagt að það þyrfti að gera vel við fólkið fyrir aðstoðina við að koma peningunum til réttra eigenda. Kvaðst ákærði hafa fengið Thomas, Sigríði, Unnar Vilhelm og Guðrúnu Höllu til þess að taka peningana út úr bönkum. Ákærði sagðist hafa fengið umslag og rétt þeim, en ekki spáð í það hvað

væri í því, enda hefði þetta ekki verið hans fjármagn. Spurður kvaðst ákærði hafa fengið fjórar milljónir við úttektir í fyrra skiptið og fjórar milljónir í seinna skiptið, en mundi ekki hvort það var á sama almanaksári eða ekki. Kvaðst ákærði hafa notað 5,8 milljónir til að kaupa sumarbústað, en eftirstöðvarnar hefðu verið til daglegra nota. Spurður um það hvers vegna millifært hefði verið á milli reikninga félaganna Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. kvaðst ákærði ekki muna það og ekki minnst þess að hafa gefið fyrirmæli um slíkar millifærslur. Að öðru leyti tjáði ákærði Steingrímur Þór sig lítið um málið og bar við minnisleysi og kvaðst á þeim tíma sem brotin voru framin hafa verið mjög veikur, bæði andlega og líkamlega. Vegna ákærukafla VIII var ákærði spurður hvort hann kannaðist við að hafa komið með tösku á heimili Guðrúnar Höllu að [...] sem reyndist innihalda kannabisefni, en við það kannaðist hann ekki.

Ákærði *Borghór Friðrik Ágústsson* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hann og meðákærði Halldór Jörgen væru frændur og hefðu alltaf verið góðir vinir. Meðákærði Halldór Jörgen hefði einu sinni lánað ákærða 500.000 krónur án þess að hann myndi hvenær. Þá kvaðst ákærði vera vinur meðákærða Steingríms Þórs Ólafssonar. Þeir hefðu þó ekki verið í miklum samskiptum 2009 og 2010. Spurður kvaðst ákærði ekki þekkja aðra meðákærðu. Þá kvaðst ákærði ekkert vita um félögin Ólafsson-heildverslun ehf. og H94 ehf. Ákærði kvaðst ekkert kannast við atvik sem lýst væri í III. kafla ákærunnar og ekki hafa neinar skýringar á því hvers vegna meðákærði Thomas hefði bent á hann í myndsbendingu, enda hefði hann ekki hitt Thomas fyrir þingfestingu málsins. Ákærði kvaðst hafa staðið ágætlega fjárhagslega 2009 og 2010, einnig um sumarið 2010 og fram í október. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sér fjármálagreiningu lögreglu, en hann hefði alltaf haft töluvert fé á milli handanna. Þá kvaðst ákærði aldrei hafa fengið að vita hvenær í júlí hann hefði átt að hafa hitt meðákærða Thomas. Þá sagði ákærði það rangt að hann hefði ekki notað reiðufé fyrir september eða október 2009, enda hafi kvittanir fyrir reiðufjárnotkun ákærða fundist við leit lögreglu í svokölluðu Karlsstaðamáli í maí 2009. Þá kvaðst ákærði hafa hafið útgerð vorið 2010 og haft tekjur af því sem hann hefði ekki gefið upp. Hann hafi keypt bát í maí 2010 og verið á veiðum að einhverju leyti allt það sumar. Ákærði kvað málið hafa haft mikil áhrif á hann, hann hefði flosnað upp úr námi og fyrirtækið hefði verið eyðilagt vegna haldlagningar eða kyrrsetningar á eigum þess. Spurður kvaðst ákærði halda að hann og meðákærði Steingrímur væru á ljósmyndum teknum að Skógarlundi 6 í júní og september 2010. Þá kvaðst ákærði annars vegar hafa verið á Toyota-bifreið og hins vegna á Bens-jeppa, bláum að lit með skráningarnúmerið [...].

Ákærði *Thomas Zahniser* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá tengslum sínum við meðákærðu. Hann kvaðst ekki þekkja meðákærða Halldór Jörgen, en

hafa þekkt Steingrím í 15 ár. Þá kvaðst hann hafa rekist á meðákærða Borgþór Friðrik heima hjá Steingrími, en ekki þekkja hann. Ákærði sagði Steingrím hafa beðið sig um að vera í fyrirsvari fyrir fyrirtæki sem ætti að taka við endurgreiðslum á virðisaukaskatti. Ákærði kvaðst sjá eftir því að hafa ekki athugað aðstæður betur, en verið kærulaus á þessum tíma og því slegið til. Við fyrstu endurgreiðslu sagðist ákærði hafa áttað sig á því að þetta væri eitthvað „stórt og mikið“. Kvaðst ákærði hafa tekið þátt í að millifæra peninga og taka út peninga. Þá hafi sjokkið orðið ennþá meira þegar seinni greiðslan hafi komið, sem hafi verið enn hærri. Þá hafi ákærða langað að bakka út úr þessu, en ekki getað það. Spurður hver hefði stofnað félagið H94 sagði ákærði að meðákærði Steingrímur hefði komið með pappíra til hans sem hann hefði skrifað undir. Þá kvaðst ákærði hafa stofnað reikning í Arion banka að fyrirmælum Steingríms. Ákærði kvaðst, þegar hann var handtekinn, hafa fengið rétt rúmlega 100.000 krónur fyrir sinn þátt, en átt von á einhverjum peningum til viðbótar fyrir umstang og vinnu í kringum þetta. Hann hefði í samráði við Steingrím haldið þessum peningum eftir þegar hann skilaði af sér í eitt sinn. Lýsti ákærði því að hann hefði í upphafi ekki verið viss um að eitthvað vafasamt væri í gangi. Kvaðst ákærði hafa það eftir Steingrími að það væri fjárhagslegt og skattalegt hagræði af því að endurgreiðslan færi inn á sér fyrirtæki. Ákærði tók fram að kæruleysið væri á hans ábyrgð. Hann hefði átt að kanna þetta betur. Þá kvaðst ákærði ekki hafa spurt Steingrím um uppruna peninganna, en séð í heimabankanum að þeir hefðu komið frá Tollstjóraembættinu. Þá kom fram að ákærði hefði fengið farsíma frá Steingrími og þau fyrirmæli vegna úttekta að taka innan við tvær milljónir í hvert sinn. Spurður um millifærslur af reikningum H94 ehf. bar ákærði að hann hefði fengið fyrirmæli um það frá Steingrími að millifæra inn á reikning Ólafsson-heildverslunar ehf., félags sem hann hefði átt áður og vildi nýta. Kvaðst ákærði hafa átt að millifæra tiltekna fjárhæðir á tilteknum tíma og svo virtist sem nokkuð hafi legið á að ná peningunum út. Ákærði kvaðst í þeim tilvikum sem hann tók reiðufé út úr hraðbönkum hafa látið meðákærða Steingrím hafa peningana. Kvaðst ákærði hafa skilað peningum af sér einu sinni í viku og yfirleitt afhent þá heima hjá meðákærða Steingrími. Spurður kvaðst ákærði í einu tilviki hafa að fyrirmælum meðákærða Steingríms farið á heimili meðákærðu Guðrúnar Höllu og sótt þangað peninga í poka, bætt við peningum frá sjálfum sér, þannig að í heildina hafi þetta verið níu milljónir króna frá Guðrúnu Höllu og sex til sjö milljónir frá ákærða. Kvaðst ákærði hafa farið á veitingastað og hitt þar mann og afhent honum peningana. Þetta hafi verið skipulagt af Steingrími. Honum hafi verið sagt að fara á Austurlandahraðlestina í Hlíðasmára og vera í tilteknum klæðnaði og afhenda peningana. Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega hvaða dag þetta hefði verið en þetta hefði verið að kvöldi til um mitt sumar. Kvaðst ákærði hafa hitt mann sem

hann hafi komist að, við yfirheyrslu lögreglu, að hétu Borgþór. Bar ákærði að hann hefði séð glitta í manninn á heimili Steingríms, en ekki verið honum málkunnugur. Á veitingastaðnum hefði hann komið til hans, pikkað í hann og spurt hvort hann væri Tommi. Spurður sagði ákærði að maðurinn hefði verið á svörtum Bensjeyplingi. Þá sagðist ákærði hvorki hafa séð virðisaukaskattsskýrslur né að hans undirskrift væri á þeim og heldur ekki hafa pantað stimpil með nafni H94 ehf. Ákærði staðfesti fyrir dómi undirritun sína undir skýrslu vegna myndsbendingar. Ákærði sagðist sjá mikið eftir því sem hann gerði og hefði liðið illa eftir að málið kom upp.

Ákærða *Guðrún Halla Sigurðardóttir* gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði frá því að hún þekkti meðákærðu Steingrím, Sigríði og Unnar Vilhelm. Hún sagði Steingrím hafa beðið hana að taka peninga út af reikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og hefði hún gert það. Ákærða kvaðst hafa farið í banka og tekið út peninga fyrir Steingrím án þess að vita hvað það hefði verið mikið. Hún sagði Steingrím hafa verið í alls kyns viðskiptum og hefði oft haft mikið fé á milli handanna. Skýrði ákærða svo frá að meðákærði Steingrímur hefði beðið hana um að gerast prókúruhafi á bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. í Íslandsbanka án þess að ákærða myndi hvenær það hefði verið. Hefði hann nefnt að ákærða þyrfti að vera prókúruhafi til að geta tekið út peninga. Ákærða kvaðst hafa vitað af því að meðákærðu Unnar Vilhelm og Sigríður hefðu einnig haft prókúru á reikningnum. Hún hefði ekki vitað hvaðan peningar á reikningi félagsins hefðu komið. Steingrímur hefði aldrei nefnt það. Hann hefði nefnt við ákærðu að sniðugt væri að fara ekki alltaf í sama útibúið. Hún kvaðst ekki hafa spurt nánar út í það. Ákærða hefði í öllum tilvikum utan eins látið meðákærða Steingrím hafa þá fjármuni í umslagi sem hún tók út. Í eitt skipti hefði Steingrímur verið að fara til útlanda og þá sagt ákærðu að meðákærði Thomas myndi koma og sækja umslagið. Það hefði líklega verið í lokin. Spurð sagði ákærða sig minna að það hefðu verið níu milljónir króna. Þá kom fram að ákærða kannaðist ekki við að hafa millifært af reikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. inn á reikning H94 ehf. Spurð kvaðst ákærða ekki minnast þess að hafa fengið greitt fyrir úttektir eða millifærslur. Ákærða sagði Steingrím hafa látið sig hafa síma en kvaðst ekki muna símanúmerið. Spurð um haldlagða peninga á heimili ákærðu við húsleit bar ákærða að hún hefði sjálf átt þá og hefði safnað þeim. Neitaði ákærða því að hún hefði fengið þá peninga frá meðákærðu Steingrími. Ákærða sagði Steingrím hafa verið örlátan og oft látið hana fá peninga. Hann hefði verið mikið inni á heimili hennar.

Ákærða var spurð um atvik samkvæmt ákæruflokk VIII, en kvaðst hvorki vita með hvaða hætti fikniefni hefðu komið á heimili hennar né hver væri eigandi þeirra. Þá kvaðst ákærða ekki vita hvað hafi verið í töskunni sem þar fannst. Sagði

ákærða að hún, Zophonías og dætur þeirra þrjár hefðu verið til heimilis að [...] og Steingrímur þar með annan fótinn. Ákærða kvaðst ekki vita hvar taskan hefði fundist og kannaðist ekki við að hún hefði fundist í hjónaherberginu. Kvaðst ákærða hafa verið í sambúð með Zophoníasi, en slitnað hafi upp úr henni í kjölfar þess að málið kom upp. Gaf ákærða þær skýringar, aðspurð af verjanda sínum, að framburður hennar hjá lögreglu hefði verið annar en fyrir dómi vegna þess að hún hefði sætt gæsluvarðhaldi og einangrun og því gefið eftir við skýrslutöku hjá lögreglu.

Ákærði *Unnar Vilhelm Karlsson* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hann hefði kynnst meðákærða Steingrími árið 1997. Samskipti þeirra hafi verið lítil, en þeir verið kunningjar. Hann hefði komið til ákærða í desember 2007 í þjálfun. Þá kvaðst hann hafa kynnst meðákærðu Thomasi, Guðrúnu Höllu og Zophoníasi í gegnum Steingrím. Þá kvaðst ákærði einu sinni eða tvisvar hafa hitt meðákærða Borgþór Friðrik heima hjá Steingrími og þekkja hann lítillaga. Ákærði kvaðst hafa leitað til Steingríms haustið 2009 og spurt hann hvort hann hefði eitthvað fyrir sig að gera. Hefði Steingrímur spurt ákærða hvort hann vildi gerast prókúruhafi á reikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og taka út peninga. Kvaðst ákærði hafa séð snyrtivörulager félagsins, en ekki þekkt til þess. Kvaðst ákærði hafa gerst prókúruhafi á bankareikningi félagsins og í reglulegum ferðum í banka tekið út 800.000 krónur af reikningnum í hvert sinn, sem hann hefði afhent Steingrími. Spurður sagði ákærði að Steingrímur hefði greitt honum 300.000 krónur fyrir úttektirnar. Hefði það verið gert eftir á. Honum hefði fyrst verið sagt að þetta væru peningar sem félagið ætti. Hann kvaðst ekki muna það hvort honum hafi verið sagt að þetta væru endurgreiðslur á skatti sem taka ætti út. Sagði ákærði traust fólks á bankakerfinu á þessum tíma hafa verið lítið og vissi hann til þess að fólk hefði verið að taka peninga út úr bönkum. Kærasta ákærða á þessum tíma var lögreglumaður og hefði hún spurt hann út í þetta og hvort þetta væri eðlilegt. Þá kvaðst ákærði hafa spurt við næstu úttekt hvaðan peningarnir hefðu verið lagðir inn á reikninginn og fengið þau svör að þeir væru frá opinberri stofnun, tollstjóra eða ríkisskattstjóra. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað hve mikið var inni á reikningnum, en vitað að hann hefði átt að taka út ákveðna fjárhæð og svo hafi það verið búið. Bar ákærði að honum hefði ekki fundist það óeðlilegt að félagið væri að fá endurgreiðslu frá tollstjóranum ef tilefni væri til, en hann hafi ekki vitað neitt um bókhald félagsins. Spurður af hverju ákærði hefði talið að um væri að ræða löglega fengið fé sagði ákærði að honum hefði ekki fundist mögulegt að illa fengið fé væri lagt inn á bankareikning. Sama af hvaða ástæðu væri og þá ekki því að peningarnir hefðu komið frá tollstjóra. Spurður sagði ákærði að meðákærði Steingrímur hefði látið hann hafa nauðsynlegar upplýsingar til þess að hann gæti farið í banka og

millifært fjárhæðir af reikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. á reikning H94 ehf. Kvaðst ákærði hvorki hafa spurt Steingrím út í félagið H94 ehf. né fjárhæðina sem honum var sagt að millifæra. Kannaðist ákærði við undirskrift sína á kvittun fyrir millifærslu að fjárhæð 3,9 milljónir króna, en mundi ekki hvers vegna skýringin „lán“ væri rituð á kvittunina. Spurður sagði ákærði að það hefði litið þannig út að meðákærði Steingrímur væri í lögmætri starfsemi. Það kvaðst ákærði hafa lagt til grundvallar þegar hann tók að sér umrætt verkefni fyrir Steingrím. Þá hefði það haft áhrif á mat hans að fjármunir þeir sem hann tók út af reikningnum komu frá ríkissjóði. Spurður sagði ákærði að lögregla hefði aldrei haft samband við hann eða hann heyrt af málinu eftir að teknar voru skýrslur af honum í september og fram í nóvember 2010 og fram til þess að ákæra var gefin út. Ákærði sagði gæsluvarðhald og einangrun hafa haft mikil áhrif á líðan sína. Hann hefði verið greindur með áfallastreituröskun og þurft að leita aðstoðar sálfræðinga og lækna og taka margar tegundir af lyfjum. Þá kvaðst ákærði ekki hafa unnið eftir að hann hafi verið handtekinn vegna málsins, utan lítils háttar fyrir skólabúðir, sem faðir ákærða rak, en verið mjög virkur á vinnumarkaði fyrir atvikið sem þjálfari.

Ákærða *Sigríður E. Guttormsdóttir* var fyrir dómi spurð um tengsl við meðákærðu og sagði að hún þekkti Halldór Jörgen ekki neitt, en kvaðst kannast við Guðrúnu Höllu, Zophonías, Borgþór Friðrik og Unnar Vilhelm vegna kunningskappar þeirra við Steingrím, en hann væri fyrrverandi kærasti ákærðu og sambýlismaður. Ákærða sagði fyrirtækið Ólafsson-heildverslun ehf. hafa upphaflega verið stofnað, líklega árið 2004, til þess að selja heilsu- og snyrtivörur. Kvaðst ákærða að mestu hafa séð um rekstur á félaginu og markaðssetningu á vörunum. Þá sagði ákærða að dóttir hennar hefði komið inn í stjórn félagsins þegar Steingrímur hefði viljað skrá sig úr stjórn félagsins. Spurð sagði ákærða að hún hefði stofnað nýjan bankareikning fyrir Ólafsson-heildverslun að beiðni Steingríms, sem hefði gefið henni skýr fyrirmæli um það hvernig umsóknin ætti að vera. Sagði Steingrímur ákærðu að hann ætti von á endurgreiðslu frá skattinum vegna byggingarframkvæmda. Kvaðst ákærða hafa gerst prókúruhafi á reikningnum og séð háar upphæðir inni á reikningnum, en mundi ekki hve háar. Hún hafi athugað hvort greiðslur frá skattinum hefðu verið lagðar inn á reikninginn. Þá sagði ákærða að meðákærði Steingrímur hefði sagt henni að uppruna fjármuna á reikningnum mætti rekja til endurgreiðslu frá skattinum vegna byggingarframkvæmda. Ekkert annað hafi verið nefnt í því sambandi. Lýsti ákærða því að meðákærði Steingrímur hefði beðið hana að taka út reiðufé af bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. svo sem greinir í ákæru og hefði hann tilgreint bæði ákveðnar upphæðir og í hvaða banka ákærða ætti að fara. Kvaðst ákærða ekki hafa leitt hugann að því hvers vegna Steingrímur hefði óskað eftir því að farið yrði í mismunandi útibú. Í öllum tilvikum

hefði ákærða afhent Steingrími peningana. Spurð um millifærslu inn á bankareikning H94 ehf. sagði ákærða að hún hefði ekki haft nein tengsl við félagið, en Steingrímur hefði látið ákærðu hafa upplýsingar um kennitölu félagsins og fyrirsmáli um að leggja inn á reikninginn. Kannaðist ákærða við undirritun sína á kvittun fyrir millifærslunni. Spurð kvaðst ákærða ekki muna hvers vegna skýringin fyrir millifærslunni hefði verið skráð „lán“ á kvittuninni. Þá kom fram að ákærða hefði fengið í hendur 300.000 krónur frá Steingrími, þar af 200.000 krónur til að kaupa jólagjafir fyrir fjölskyldu hans og vini, sem ákærða kveðst hafa gert og látið hann hafa. Þá kvaðst ákærða hafa verið blönk um haustið og beðið Steingrím um að lána sér 200.000 krónur, en kvaðst halda að hann hafi þá látið hana hafa 100.000 krónur. Hún hafi haustið 2009 verið í símasambandi við Steingrím vegna úttektanna. Hann hafi verið að bíða eftir greiðslu og beðið ákærðu að hafa samband við Tollstjóra til að grennslast fyrir um greiðsluna. Spurð um samband við Steingrím sagði ákærða að þau hefðu upphaflega kynnst árið 2000. Þau hafi byrjað sambúð 2004 en hún flutt frá honum á árinu 2006 og til Reyðarfjarðar 2007, upphaflega til að slíta öllum samskiptum við Steingrím. Hann hafi lent í bílslysi og þá hefði hún haft samskipti við hann á ný af vorkunnsemi. Þá kom fram hjá ákærðu að hún hefði ekki frétt neitt af málinu eftir að hún losnaði úr gæsluvarðhaldi 2010, utan þess að lögreglumaður hefði á árinu 2013 hringt í hana til Noregs og spurt hana hvort hún gæti komið til skýrslugjafar. Kvaðst ákærða hafa svarað því til að það gæti hún ekki, en spurt á móti hvort hún gæti ekki svarað spurningum símleiðis, en það hafi hann ekki viljað.

Ákærði *Zophonías Eggertsson* skýrði frá því fyrir dómi að hann hefði ekki nein tengsl við meðákærðu Steingrím eða Guðrúnu Höllu. Neitaði ákærði því að hafa verið sambýlismaður Guðrúnar Höllu og sagði þau ekki hafa verið skráð með sama heimilisfang. Samband þeirra hefði verið inn og út vegna barnanna. Spurður um það sem gerst hefði 14. september 2010 kvaðst ákærði ekki muna það. Hann hefði ekki verið viðstaddur húsleit á [...], þar sem hann hefði verið með börnin í bílnum á meðan. Hann hefði haft dvalarstað að [...]í Hafnarfirði hjá móður sinni. Þar hafi hann verið með skráð lögheimili og hafi verið fluttur út frá Guðrúnu Höllu. Þá kvaðst ákærði ekki hafa hugmynd um það hvernig fíkniefnin komust inn á heimili Guðrúnar Höllu að [...]. Þá neitaði ákærði því að Steingrímur hafi beðið Guðrúnu Höllu um að geyma fíkniefnin. Hann kvaðst aldrei hafa séð töskuna, eða innihald hennar, og ekki vita neitt um þetta og aldrei rætt um töskuna við Steingrím. Spurður af verjanda sínum kvaðst ákærði hafa verið að vinna í Kárahjúkum og verið mjög lítið í bænum á þessum tíma. Ákærði sagði lögregluna hafa sent hann í bíltúr með börnin á meðan leitað var á heimili Guðrúnar Höllu. Í kjölfarið var ákærði handtekinn og settur í gæsluvarðhald í þrjár vikur, þar af tvær

vikur á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Spurður um misræmi í framburði sínum hjá lögreglu og fyrir dómi kvaðst ákærði ekki ætla að tjá sig frekar um málið.

Vitnið *G*, deildarstjóri virðisaukaskattsdeildar, gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hann hefði séð um almenna yfirferð yfir verkferla hjá starfsmönnum skattstofunnar og samið úrskurði í ágreiningsmálum. Vitnið kvaðst ekki hafa haft með að gera mál er vörðuðu sérstaka skráningu að öðru leyti en því að yfirfara skráningar. Vitnið sagði að strangar verklagsreglur hefðu gilt og stífir verkferlar um sérstaka skráningu. Kallað hafi verið eftir teikningum, kaupsamningi og eftir lóðarleigusamningi og öðrum gögnum sem þurftu að vera til staðar til að skráningin yrði réttmæt. Í flestum tilvikum var kallað eftir ábyrgðum sem sérstakir verkferlar giltu um. Voru frumrit slíkra ábyrgða geymd í læstum skáp. Afrit þeirra voru bæði sett í möppur sem geymdu ábyrgðir og í möppu viðkomandi fasteignar. Var lögð rík áhersla á tryggja vörslu slíkra gagna á skattstofunni. Eignarhald viðkomandi fasteigna var athugað, meðal annars með uppflettingu hjá Fasteignaskrá Íslands þar sem hægt var að sjá eigendaskráningu fasteigna. Spurt sagðist vitnið hafa verið yfirmaður ákærða Halldórs Jörgens, sem hefði haft með að gera sérstöku og frjálsum skráninguna og meðferð innskattskvaða. Forveri hans í starfi var J. Þá kom fram hjá vitninu að Halldóri hefðu verið kynntir allir verkferlar vegna starfsins. Hefði hann borið ábyrgð á einstökum verkþáttum. Greiðslur voru bornar undir þá yfirmenn. Þá skráði þriðji aðili, K, skýrslurnar í kerfið. Spurt kvaðst vitnið hvorki muna eftir umsókn Ólafsson-heildverslunar ehf. né staðfestingu á sérstakri skráningu félagsins. Það hafi ekki verið borið undir vitnið, og þá ekki ábyrgð vegna félagsins. Þá komu fram hjá vitninu upplýsingar um sérstaka skráningu sem ákærði Halldór Jörgen hefði tekið ákvörðun um. Væri um að ræða verulegar fjárhæðir yrðu þær að vera samþykktar af yfirmanni. Spurt um gagnavörslu sagði vitnið að gögn vegna fasteigna hefðu verið geymd í möppum í skáp á skrifstofuganginum, án sérstakrar gæslu, enda hefði starfsfólki verið treyst fyrir gögnum sem voru á skrifstofunni. Kvaðst vitnið ekki vita til þess að gögn hefðu týnst á skrifstofunni. Vitnið kvaðst hafa sagt upp störfum á skattstofunni með bréfi 30. október 2009 og hafið störf á öðrum stað 5. nóvember sama ár.

Vitnið *L*, deildarstjóri eftirlitsdeildar skattstjórans í Reykjavík, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvaðst hafa unnið á skattstofunni til haustsins 2009. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í neinum samskiptum við ákærða Halldór Jörgen, enda hefði hann unnið í annarri deild. Vitnið kvaðst ráma í að komið hefðu upp tilvik hjá eftirlitsdeildinni þar sem gögn hafi ekki fundist þótt þau væru á skrá, ekki heilu gagnasöfnin, fremur einstök fylgiskjöl.

Vitnið *A* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hún hefði sinnt starfi bókhaldsfulltrúa á skattstofunni í Reykjavík. Vitnið kvaðst hafa sinnt

bókhaldsskoðun, skráningu skýrslna, bæði venjulegra skýrslna og vegna frjálstrar og sérstakrar skráningar eftir beiðni, svo og ýmsu öðru sem var tilfallandi. Vitnið kvaðst hafa haft notandanafnið [...] hjá skattstjóranum og ríkisskattstjóra. Mest hefði hún skráð frá Halldóri Jörgen, en einnig eitthvað frá G. Þá hafi vitnið farið yfir innkomnar skýrslur og skráð þær. Spurt sagði vitnið að skráning þess hefði verið gerð eftir munnlegum fyrirmælum, eða beiðni á litlum „gulum miðum“ sem hún hefði hent eftir skráninguna. Hefði Halldór staðið yfir henni á meðan hún skráði það sem hann bað um eða breytti skráningu. Þá kvaðst vitnið yfirleitt alltaf hafa skráð sérstöku skráninguna frá Halldóri Jörgen, en G hefði oftast beðið M að skrá sérstöku skráninguna. Vitnið kvaðst hafa treyst því að upplýsingar sem það var beðið að skrá hefðu verið réttar. Það eina sem vitninu hefði þótt skrytið var það að allt í einu var farið að skrá inn einhvers staðar „ofar í kerfið“ einhverjar tölur, en síðan hafi verið komið eftir þrjá mánuði og sagt að taka ætti þetta út aftur. Hafi það verið Halldór Jörgen sem gaf fyrirmæli um það og nánar aðspurt sagði vitnið að þetta hefðu verið bankaábyrgðir. Vitnið kvaðst aðspurt ekki muna sérstaklega eftir sérstakri skráningu vegna félagsins Ólafsson-heildverslun ehf., en varðandi H94 ehf. hefði vitnið gert athugasemd við það vegna þess að félagið hefði verið stofnað „aftur í tímann“.

Spurð um virðisaukaskattskýrslur kvaðst vitnið hafa skráð mjög mikinn fjölda af skýrslum, að meðtöldum inneignarskýrslum sem farið hefðu til H til samþykktar. Vitnið hefði treyst upplýsingum og samþykki Halldórs Jörgens fyrir skráningu skýrslanna, enda hefði H hælt honum mikið. Halldór Jörgen hefði beðið hana að skrá skýrslurnar, stutt hefði verið á milli þeirra á skrifstofunni, bara einn bás. Þá sagði vitnið að Halldór hefði verið mikið inni hjá H og kvaðst hafa talið að hann hefði fengið samþykki hennar fyrir skýrslunni.

Vitnið kvaðst aðspurt muna eftir stofnun virðisaukaskattsnúmers fyrir H94 ehf. og að hafa skráð félagið með sama hætti og önnur, en gert þá athugasemd við Halldór Jörgen, sem hefði beðið vitnið að skrá skýrslu vegna félagsins, að það hefði ekki verið til á þeim degi sem endurgreiðslan átti að hefjast. Ákærði Halldór Jörgen hefði þá nefnt að hann væri með samþykki H fyrir skráningunni. Spurt um virðisaukaskattskýrslur vegna félagsins sem tóku að berast í kjölfarið kvaðst vitnið hafa gert athugasemd við afturvirka skráningu sem gilda átti aftur fyrir stofndag félagsins. Vitnið kvaðst hafa beðið með skráningu skýrslunnar og nefnt þetta við Halldór og sagt að vitnið hefði aldrei skráð svona afturvirkt áður. Svör hans hafi verið að vitnið gæti treyst honum af því að H væri búin að leggja blessun sína yfir skráninguna. Þá sagði vitnið aðspurt að Halldór Jörgen hefði notað stimpilinn „samþykkt HG“. Þá kvaðst vitnið hafa skráð allt sem Halldór Jörgen hefði beðið hana að skrá og kvaðst ekki hafa vitað betur en að yfirmaður vitnisins, H, hefði

beðið vitnið um það.

Vitnið *N* skýrði frá því fyrir dómi að fyrirtæki hans, *X*, hefði auglýst sumarbústað til sölu og í framhaldi af því hefði Steingrímur Þór Ólafsson haft samband og lýst áhuga á því að kaupa sumarbústaðinn. Vitnið kvaðst hafa sýnt væntanlegum kaupanda bústaðinn og við það jókst áhuginn. Hafi Steingrímur greitt inn á bústaðinn eftir að samkomulag komst á um verðið og ætlaði síðan að gera upp þegar hann kæmi frá útlöndum. Ekki hafi orðið um að ræða frekari samskipti við Steingrím, en vitnið kvaðst hafa veitt lögreglu þær upplýsingar sem farið var fram á vegna málsins. Í framhaldinu hafi lögmaður vitnisins rift kaupunum og vitnið afhenti lögreglu þá peninga sem Steingrímur hafði greitt inn á kaupin, á milli fimm og sex milljónir króna í reiðufé. Vitnið sagði Steingrím hafa komi á skrifstofu vitnisins með peningana.

Vitnið *O* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að skattrannsóknarstjóri ríkisins hefði unnið greinargerð um sérstaka skráningu vegna mála Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. Spurt um aðkomu vitnisins að rannsókn málsins kvaðst vitnið ekki muna sérlega vel eftir málinu en ráma þó í það. Vitnið kvaðst hafa tekið greinargerðina saman og undirritað hana. Um væri að ræða samantekt upplýsinga og staðreynda sem komnar voru fram í málinu á þessum tímamarki og almennar upplýsingar um sérstaka skráningu og afgreiðslur vegna beggja félaganna. Þá kvaðst vitnið hafa farið yfir það sem skattrannsóknarstjóri var búinn að skoða á þessum tíma, en málið hafi komið til skattrannsóknarstjóra frá lögreglunni.

Vitnið *P* kom fyrir dóm og skýrði frá því að skattrannsóknarstjóri ríkisins hefði fengið beiðni frá lögreglu 9. september 2009 vegna úttekta á reiðufé af bankareikningum tveggja félaga, Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. Erindi lögreglu var að leita eftir því hvort skattrannsóknarstjóri hefði einhverjar skýringar á úttektum félaganna, hvort þau hefðu einhverja sögu og hvers konar félög þetta væru. Vitnið kvaðst aðspurt hafa verið tengiliður við lögreglu vegna rannsóknar lögreglu og gagnaöflunar, sem tengdust henni, úr kerfum sem skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri notuðu. Vitnið kvaðst hafa tekið saman upplýsingaskýrslu um það sem kom fram í gögnum málsins. Það hafi vakið athygli að nefnd fyrirtæki væru að fá endurgreiddan virðisaukaskatt, enda hefði ekki fundist nein rekstrarsaga hjá þeim. Úr varð að samstarfsmaður vitnisins hafði samband við starfsmann hjá ríkisskattstjóra og áður skattstofunni í Reykjavík, H, til að athuga hvaða gögn lægju að baki þessum endurgreiðslum, eins og algengt væri. Farið hafi verið á staðinn að morgni, en á leiðinni þangað hafi borist samtali frá Halldóri Jörgen sem hefði sagt að engin gögn hefðu fundist. Engu að síður var farið á staðinn og rætt við Halldór Jörgen sem staðfesti það að gögnin sem leitað var að, gögn vegna H94 ehf., væru

ekki þar sem þau ættu að vera, það er í möppu, sem hefði verið pakkað í kassa vegna flutnings virðisaukaskattsdeildarinnar í Hafnarfjörð. Kössunum hafi verið raðað snyrtilega upp við vegg frammi á gangi. Ákveðið hafi verið að leita í kössunum og þá hafi J bæst í hópinn og hjálpað til við leitina. Hafi Halldór Jörgen ekki tekið þátt í því, enda væri hann slæmur í bakinu. Hefði hann einnig verið stressaður. Leitað var í nokkrum kössum án árangurs. Á leiðinni til baka hafi verið ákveðið að koma við að [...]. Þá hafi komið í ljós að eitthvað skrýtið var að gerast, enda engar framkvæmdir við eignina yfirstandandi. Spurt um upplýsingaskýrslur skattrannsóknarstjóra vegna félaganna, báðar dagsettar 20. desember 2013 og endurskoðað eintak dagsett 23. júlí 2014, og skýringar á því hvers vegna svo langan tíma hefði tekið að vinna skýrslurnar, bar vitnið að mikið hefði gengið á á fyrstu vikunum á meðan ákærðu sátu í gæsluvarðhaldi og nokkur kraftur hefði verið settur í það að útvega gögn sem byggt er á og koma þeim til lögreglu. Þegar á leið kvaðst vitnið hafa verið eitt eftir, en ekki hafi verið augljóst að upplýsingarnar yrðu settar í skýrslu. Síðustu gögnin hafi borist um mitt ár 2011 og gróf lýsing gerð haustið 2011. Síðan hafi lítið gerst og ekkert verið rekið á eftir frágangi fyrr en seinni hluta árs 2013 að vitnið hafi lokið samantektinni. Þá hafi lögreglu verið send skýrsla í desember 2013. Vitnið kvaðst hafa átt von á því að fá athugasemdir hefði eitthvað gleymst. Í síðustu skýrslunni frá júlí 2014 hafi verið einhverjar viðbætur eða texti um sérstaka skráningu. Nánar aðspurt um það hvers vegna skýrslan hefði verið dagsett á ný sagði vitnið að það hefði verið vegna þess að það hefði lokið við skýrsluna á þessum degi. Um væri að ræða þann dag þegar skýrslan hefði síðast verið vistuð. Nýjum kafla hefði verið bætt í skýrsluna, en efnisyfirlitið hefði ekki verið uppfært til samræmis við það. Vitnið bar um að það hefði verið út af sérfræðipekkingu skattrannsóknarstjóra sem þeir hafi verið fengnir til aðstoðar. Þegar leið á rannsóknina hefði skattrannsóknarstjóri verið lögreglu til aðstoðar við gagnaöflun.

Vitnið Q, verkefnastjóri hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, kom fyrir dóm og skýrði frá því að skil ábyrgðaryfirlýsinga til útgefenda og trygginga hefðu verið athuguð af skattrannsóknarstjóra vegna Ólafsson-heildverslunar ehf. Þeim hafi verið tjáð af starfsmönnum ríkisskattstjóra að þegar ábyrgð væri aflétt þá væri ábyrgðaryfirlýsingin send til útgefanda með ábyrgðarpósti. Þangað til væri hún í peningaskáp á skrifstofu ríkisskattstjóra. Þegar þangað hafi verið komið var leitað að ábyrgðinni í peningaskápnum en hún hefði ekki fundist. Til staðar var skjal þar sem skráðar voru ábyrgðir sem áttu að vera í skápnum. Þá var athugað hvort ábyrgðarpóstur hefði verið sendur til útgefandans, en það hafði ekki verið gert. Þá hafi verið farið til útgefandans til að athuga hvort ábyrgðaryfirlýsingin hefði verið gefin út, en það hafði ekki verið gert. Spurt sagði vitnið að verkferlar vegna

ábyrgða hefðu verið athugaðir. Við móttöku ábyrgðaryfirlýsinga skyldi frumritið varðveitt í peningaskápnnum, fjárhæðin skráð í excel-skjal og afrit geymt í sérstakri möppu fyrir allar ábyrgðir og annað afrit í málamöppu viðkomandi fasteignar. Þá skyldi ábyrgðin send til útgefanda með ábyrgðarpósti.

R rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóm til skýrslugjafar. Lýsti hann því hvernig staðið var að myndsakbendingu sem hann annaðist vegna rannsóknar málsins. Vitnið staðfesti skýrslu um myndsakbendingu sem það framkvæmdi í þágu rannsóknar málsins.

S lögreglufulltrúi kom fyrir dóm til skýrslugjafar og greindi frá því að upphaf málsins væri að rekja til tilkynningar sem lögreglan á Selfossi hefði sent lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu um peningabætti. Hann kvaðst í upphafi hafa beint fyrirspurn til skattrannsóknarstjóra um það hvort fyrirtækin væru í einhverjum rekstri sem gæfi þeim svo mikla endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Þeir hafi séð óeðlilega útgreiðslu á virðisaukaskatti. Fljótlega hafi komið í ljós hverjir voru að taka út peninga og hafi verið byrjað að rannsaka þá aðila. Síðar hafi böndin borist að starfsmanni hjá skattstofunni. Afgreiðsla virðisaukaskattsskýrslna var með miklum ólíkindum þar sem viðkomandi félög áttu ekki einu sinni húsnæðið þrátt fyrir að verið væri að endurgreiða því virðisaukaskatt vegna kostnaðar af endurbótum húsnæðisins. Engin gögn sem tengdust umsóknum félaganna fundust, gögn sem hefðu átt að vera í vörslum ákærða Halldórs Jörgens við afgreiðslu á umsóknum félaganna, ef þau voru þá til í raun og veru. Ekki hafi beinst grunur að öðrum starfsmönnum skattstofunnar. Hvað varðaði rannsókn á ábyrgðum nefndi vitnið eftirgreunslan hjá Landsbankanum sem kannaðist hvorki við að hafa skráð ábyrgðina inn né að hafa afgreitt beiðni um ábyrgð. Þá kom fram að við vinnslu fjármálagreininga væru skráðar tekjur og eyðsla. Greiningin í tilviki Borgþórs væri með útskýringum sem reynt hefði verið að staðreyna en væru dæmi um að sá sem væri til rannsóknar fengi mikið svigrúm til að gefa haldbærar skýringar á fjármunum sem viðkomandi notaði. Sé ekki skýrt rétt frá uppruna fjár komi út mismunur. Hjá Halldóri Jörgen hafi komið fram óútskýrð reiðufjárnotkun sem var umfram þá fjármuni sem hann kvaðst hafa fundið. Í upphafi rannsóknar hafi verið mikið um gagnaöflun sem tók nokkurn tíma að afla. Dæmi um það væri réttarbeiðni sem send hefði verið til Spánar, en ekki afgreidd fyrr en eftir um eitt ár. Þá hafi einnig hægst á rannsókninni vegna utanaðkomandi aðstæðna og manneklu. Málið hafi samt „tommast“ áfram, en verið mjög umfangsmikið, bæði hvað varðar allar greiningar og samantektir. Vitnið kvað málið hafa verið það umfangsmesta sem það hefði rannsakað. Veruleg skipulagning hefði legið að baki og opinber starfsmaður tengdist málinu. Vitnið neitaði því að rannsóknin hefði nokkru sinni stöðvast, en það hefði hægt verulega á henni, eðli málsins samkvæmt, þar sem

fjársvikadeildin hefði verið svipt mannafla við stofnun embættis sérstaks saksóknara og grípa hefði þurft inn í fleiri verkefni. Hafi rannsókninni miðað mjög hægt vegna úrvinnslu úr öllum þeim gögnum sem aflað hafi verið, bankareikningum og öðru. Rannsókninni hafi ekki lokið fyrr en málið hafi verið sent fullunnið frá embættinu til ákærvaldsins.

Vitnið *J*, starfsmaður ríkisskattstjóra, gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði frá því að vinnureglur um sérstaka skráningu væru þannig að umsókn bærisk með bréfi eða á umsóknareyðublaði ásamt gögnum sem farið sé fram á að fylgi, nánar tiltekið afrit af samþykktum teikningum, byggingarkostnaður, upplýsingar um eigin starfsmenn eða verktaka. Þá væri lagður fram kaupsamningur ef búinn er að selja eignina, eða húsaleigusamningur ef hann ætti að koma í stað ábyrgðartryggingar. Svo væri lögð fram ábyrgðartrygging ef hvorugt væri fyrir hendi. Vitnið kvaðst hafa með að gera sérstaka skráningu hjá ríkisskattstjóra. Gögn með umsókn eru skönnuð inn og skráð í GoPro-málakerfið. Ábyrgð er geymd á sérsökum stað, en málsgögn að öðru leyti geymd á öðrum stað. Vitnið kvaðst hafa hætt hjá skattstofunni í Reykjavík í september 2008, en byrjað aftur í júní 2010. Vitnið sagði Halldór Jörgen hafa tekið við sérstöku skráningunni af vitninu á sínum tíma. Vitnið sagði verklagsreglur hafa gilt um það hvaða gögn ættu að vera fyrir hendi við afgreiðslu umsóknar um sérstaka skráningu og hefðu gögn með umsókn verið geymd rafrænt. Um vörslur trygginga gildi það að þær hefðu verið skannaðar sérstaklega inn, en síðan geymdar í peningaskáp í Tollhúsinu.

Vitnið *H*, skrifstofustjóri hjá skattstofunni og ríkisskattstjóra, kom fyrir dóm til skýrslugjafar. Vitnið greindi frá því að skattrannsóknarstjóri hefði haft samband við vitnið í september 2010 og tilkynnt um málið. Vitnið kvaðst hafa snúið sér til *J* og *G* og fleiri sem voru á staðnum. Í ljós hafi komið að „peningar hafi verið skráðir út úr ríkissjóði“, það er háar fjárhæðir úr virðisaukaskattkerfinu. Vitnið kvaðst hafa skoðað málið og séð að um tvö félög væri að ræða, Ólafsson-heildverslun ehf. og H94 ehf. Til að fá sérstaka skráningu þarf að leggja fram gríðarlega mikið af gögnum. Við athugun vitnisins á gögnum að baki skráningunni hafi komið í ljós að möppur fyrir gögnin voru tómar. Halldór Jörgen hafi upplýst vitnið um það að gögnunum hefði verið stolið. Við nánari athugun vitnisins hafi komið í ljós að grundvöllur skráningarinnar var enginn. Enginn lóðarleigusamningur hafi verið til staðar og ekki teikningar af húsnæðinu, enginn leigusamningur og ekki sölusamningur. Fullyrti vitnið að gögn að baki skráningunni hefðu aldrei verið til. Vitnið hefði sérstaklega spurt Halldór Jörgen um bankaábyrgðina sem tengdist Ólafsson-heildverslun ehf. og hann hafi þá sagt að hann væri búinn að senda hana í pósti. Vitnið kvaðst hafa athugað það í bankanum hvort útbúinn hefði verið bankaábyrgð fyrir félagið og fengið þau svör að það hafi ekki verið gert. Þá kom

fram hjá vitninu að Halldór Jörgen hefði tekið við af J. Einnig að K hefði séð um skráningar tengdar sérstakri skráningu. K hefði haft eftirlit með málum af þessum toga og vissi allt um þau, en A hafði ekki innsýn í sérstöku skráninguna, en einhverra hluta vegna skráði hún í kerfið vegna þessara tveggja félaga. A hafi treyst Halldóri Jörgen. Útilokað væri að nokkur starfsmaður hefði farið inn í tölvu annars starfsmanns. Farið hafi verið í gegnum aðrar skráningar Halldórs er vörðuðu félögin tvö og í ljós hafi komið að þær hafi allar verið hárréttar. Spurt sagði vitnið að Halldór Jörgen hefði notað stimpil með áletruninni „samþykkt HG“. Nánar aðspurt sagði vitnið að það hefðu verið G og vitnið sem hefðu sett ákærða Halldór inn í starfið þegar hann hóf störf í október 2009.

Vitnið T lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði frá því að hann hefði komið að leit á heimili Guðrúnar Höllu þar sem mikið af hassi hefði fundist falið í bakpoka í fataherbergi. Hefði hundur frá tollinum fundið fikniefnin. Vitnið kvaðst hafa tekið yfir þann hluta málsins og séð um yfirheyrslur yfir Guðrúnu Höllu og Zophoníasi, sem bæði hafi búið að [...] og verið þar í sambúð. Zophonías hafi verið stressaður á vettvangi og framvísað sterum til lögreglu. Upphaflegt tilefni hafi hins vegar verið að aðstoða skattrannsóknarstjóra við að haldleggja gögn. Guðrún Halla hafi sagt á vettvangi að Steingrímur Þór Ólafsson hefði komið með bakpokann til hennar, reyndar annan bakpoka því að hún hefði í millitíðinni skipt um bakpoka vegna þess að það hafi verið komin svo mikil lykt af hinum. Bæði Guðrún Halla og Zophonías hefðu gert lögreglu grein fyrir því að Steingrímur hefði komið á heimili þeirra að [...], þar sem þau bjuggu áður, og þau hafi verið viðstödd þegar komið var með efnin. Guðrún Halla hafi verið viss um að eitthvað ólöglegt væri í pokanum. Pokinn hefði verið lengi á heimili þeirra, marga mánuði. Steingrímur hefði verið fjölskylduvinur þeirra. Hann hefði sagt að efnin væri hálfgert drasl. Auk fikniefna lagði lögregla hald á um 500.000 krónur í reiðufé sem Guðrún Halla kvaðst eiga. Aðspurt sagði vitnið að Zophonías hafi verið samvinnuþýður hjá lögreglu og komið vel fyrir. Ekkert hefði bent til annars en að Zophonías hefði búið á heimilinu sem hefði verið venjulegt fjölskylduheimili. Hann hefði sjálfur talað um það og verið með fötin sín þar.

Vitnið U lögreglumaður skýrði frá því fyrir dómi að T hefði greint vitninu frá því að fundist hefði mikið magn fikniefna og því hefði vitnið farið á vettvang. Rætt hefði verið við Guðrúnu Höllu og hún spurð um það hvort hún hefði vitað af bakpokanum og kvað hún svo vera, en sló í og úr með það hvort hún hefði vitað um innihald bakpokans, og sagðist vita að hún ætti ekki að vera með bakpokann þarna inni. Þá hafi Guðrún Halla talað um það að Steingrímur ætti bakpokann og hún hefði geymt pokann af greiðasemi við Steingrím. Hann hefði komið með pokann einhverjum mánuðum áður og að hún hafi áttað sig á því að pokinn ætti ekki að

vera þarna.

Vitnið V gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði frá því að hann hefði rannsakað fíkniefnasýni og skrifað matsgerð vegna þess. Rannsókuð hafi verið tvö sýni af hassi sem hafi verið mjög veik, það er með litlum styrkleika. Það efni sem inniheldur undir 10 mg/g er örugglega mjög veikt hass og inniheldur mjög lítið af tetrahydrokannabinóli. Ekki hafi komið til rannsóknar mörg sýni svo veik á síðustu 20 árum. Efnagreining hafi leitt í ljós að um var að ræða kannabisefni eða hass. Vitnið sagði að ekki væri til nein skilgreining á því hvað hass þurfi að vera sterkt til að unnt sé að komast í vímu af því.

Einnig komu fyrir dóminn til skýrslugjafar vitnin Á, É, Í og Ó lögreglumáður.

F

Niðurstaða

1

Ákærða Halldóri Jörgen Gunnarssyni eru í máli þessu gefin að sök fjársvik í opinberu starfi með því að hafa dagana 8. september 2009 og 5. maí 2010 samþykkt umsóknir Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. um sérstaka skráningu á virðisaukaskattsskrá og á grundvelli umsókna félaganna staðfest sérstaka skráningu félaganna á virðisaukaskattsskrá samkvæmt reglugerð nr. 577/1989 um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, blekkt samstarfskonu sína, sem sá um skráningar inn í virðisaukaskattskerfið (VSK 2000 tölvukerfið), og stofna virðisaukaskattsnúmer fyrir félögin vegna sérstakrar skráningar, svo og að hafa móttakið til afgreiðslu tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur vegna tilgreindra uppgjörstímabila sem skilað var inn af hálfu félaganna og mynduðu inneignir hjá ríkissjóði sem voru ranglega greiddar út af gjaldkera hjá Tollstjóra með millifærslum inn á bankareikninga í eigu félaganna. Í ákæru er þessi háttsemi ákærða talin varða við 248. gr. og 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig er ákærða Halldóri Jörgen gefið að sök peningaþvætti með því að hafa frá október 2009 til loka ágúst 2010 tekið við frá óþekktum aðila samtals 9.609.500 krónum í reiðufé sem ákærði nýtti í eigin þágu og fjölskyldu sinnar á tímabilinu.

Ákærðu Steingrími Þór Ólafssyni, Borgþóri Friðriki Ágústssyni, Thomasi Zahniser, Guðrúnu Höllu Sigurðardóttur, Unnari Vilhelm Karlssyni og Sigríði E. Guttormsdóttur er öllum gefið að sök peningaþvætti sem í ákæru er talið varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Loks er ákærðu Steingrími Þór, Guðrún Höllu og Zophoníasi Eggertssyni gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot, Steingrími Þór með því að hafa í september eða í október 2009 komið með tösku á þáverandi heimili Guðrúnar Höllu og

Zophoníasar að [...] í Hafnarfirði, sem innihélt samtals 11.024 g af hassi ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, og beðið Guðrúnu Höllu og Zophonías um að varðveita töskuna og fíkniefnin í ótilgreindan tíma og Guðrúnu Höllu og Zophoníasi fyrir að hafa þriðjudaginn 14. september 2010 á þáverandi heimili þeirra að [...] í Hafnarfirði haft fyrrgreind fíkniefni í vörslum sínum. Í ákæru er háttsemi ákærðu talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga.

2

Eins og rakið er í skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins þurfa fyrirtæki sem áforma virðisaukaskattsskylda starfsemi að senda inn umsókn til virðisaukaskattsskrár á stöðluðu eyðublaði. Tilkynna þarf slíkan rekstur átta dögum áður en starfsemin hefst. Fyrir 1. janúar 2010 var sótt um virðisaukaskattsnúmer hjá ríkisskattstjóra eða skattstjórum, en eftir það hjá ríkisskattstjóra. Afgreiðsla á slíkri beiðni tekur nokkra daga.

Sérstök skráning samkvæmt reglugerð nr. 577/1989 er hluti af virðisaukaskattskerfinu. Skattaðilum, sem ekki nýta fasteign undir eigin skattskyldan rekstur, er með sérstakri skráningu gert kleift að fá endurgreiddan virðisaukaskatt, það er innskatt, úr ríkissjóði, og standa þannig jafnfætis þeim sem nýta eign fyrir skattskyldan rekstur. Eru ákvæði um sérstaka skráningu fyrir aðila sem byggja atvinnuhúsnaði á eigin lóð eða leigulóð og selja það eða leigja til skattskylds aðila. Þeir sem fá sérstaka skráningu og hafa ekki selt fasteignina eða leigt í virðisaukaskattsskyldan rekstur þurfa að leggja fram ábyrgðartryggingu frá banka til að fá virðisaukaskattinn endurgreiddan.

3

Ákærufli I, A-C

Í I. kafla ákærunnar, liðum A og B, eru ákærða Halldóri Jörgen Gunnarssyni gefin að sök fjársvik í opinberu starfi og peningaþvætti með því að hafa gegn betri vitund samþykkt í september 2009 og í maí 2010 umsóknir frá Ólafsson-heildverslun ehf. og H94 ehf. um sérstaka skráningu á virðisaukaskattsskrá, staðfest sérstaka skráningu félaganna á virðisaukaskattsskrá vegna byggingar atvinnuhúsnaðis að [...] í Mosfellsbæ og að [...] í Reykjavík, án þess að fyrir hendi væru skilyrði sérstakrar skráningar á virðisaukaskattsskrá samkvæmt reglugerð nr. 577/1989 um frjálsta og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Í ákæruliðum A og B segir að ákærði hafi vitað að umsóknirnar væru tilhæfulausar og uppfylltu ekki skilyrði reglugerðarinnar, en hélt því leyndu og blekkti samstarfsskonu sína til að færa skráningu félaganna inn í virðisaukaskattskerfið, það er VSK 2000 tölvukerfið. Þá segir að í framhaldi af þessari háttsemi hafi farið að berast virðisaukaskattsskýrslur frá félögunum til ríkisskattstjóra, til afgreiðslu hjá ákærða, svo sem nánar er lýst í ákærunni. Er þessi háttsemi ákærða talin varða við

248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga.

Þá er ákærða í C-lið I. kafla ákærunnar gefið að sök peningabætti með því að hafa í október 2009 til loka ágúst mánaðar tekið við frá óþekktum aðila samtals 9.609.500 krónum í reiðufé sem ákærði nýtti sér í eigin þágu og fjölskyldu sinnar, fjármuni sem voru hluti af ólögum ávinningi af auðgunarbrotum ákærða í opinberu starfi og meðákærðu Thomas, Guðrún Halla, Unnar Vilhelm og Sigríður höfðu tekið út í reiðufé í útibúum Íslandsbanka og Arion banka á sama tímabili og afhent meðákærðu Steingrími. Er háttsemi ákærða talin varða við 1. og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson starfaði í virðisaukaskattsdeild skattstjórans í Reykjavík og síðar hjá ríkisskattstjóra á þeim tíma sem ákæran tekur til og hafði umsjón með sérstakri skráningu. Samkvæmt framburði ákærða og vitna fyrir dómi og öðrum gögnum málsins er upplýst að ákærði Halldór Jörgen hafi í starfi sínu samþykkt umsóknir félaganna Ólafsson-heildverslun ehf. og H94 ehf. um sérstaka skráningu á virðisaukaskattsskrá og komið því til leiðar að félögin voru skráð á virðisaukaskattsskrá og í framhaldinu samþykkt tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur og leiðréttingarskýrslu með innskatti sem endurgreiðslur hárra fjárhæða úr ríkissjóði inn á bankareikninga félaganna, samtals 277.818.008 krónur, byggðust á. Ákærði Halldór Jörgen hafði í lögfræðinámi sínu sérhæft sig á sviði sérstakrar skráningar og þekkti því sérstöku skráninguna vel og vissi því eða mátti vita að afgangi slíkra mála krafðist vandaðra vinnubragða vegna mikilla fjárhagslegra hagsmuna sem voru í húfi. Í greinargerð skattransóknarstjóra kemur fram að gerð hafi verið könnun á afgangi hans á öðrum erindum vegna sérstakrar skráningar og hafi öll skilyrði verið uppfyllt og tilskilin gögn fundist á réttum stöðum.

Svo sem rakið er að framan komu í upphafi rannsóknar lögreglu fram vísbendingar um það að afgangi á erindum Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. hefði ekki verið eðlileg. Í ljós kom að gögn með umsóknum félaganna um sérstaka skráningu á virðisaukaskattsskrá voru ekki til staðar og fundust ekki þrátt fyrir leit. Undir rannsókn málsins gerðu starfsmenn skattransóknarstjóra ríkisins og lögregla úttekt á afgangi erinda félaganna, þar sem í ljós komu atriði sem bentu ákveðið til þess að erindin hefðu verið vísitandi afgangi af ákærða Halldóri Jörgen án þess að fullnægt væri skilyrðum reglugerðar nr. 577/1989 um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Verklag við sérstaka skráningu og endurgreiðslu er rakið í skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins 20. desember 2013 og er að nokkru rakið hér að framan. Því var einnig lýst í framburði vitnanna J og G fyrir dómi. Báru þeir um það að strangar verklagsreglur og skýrir verkferlar hefðu gilt um sérstöku skráninguna. Þá kom fram í framburði vitnisins G að starfsmenn

hefðu haft aðgang að Fasteignaskrá ríkisins til að athuga skráða eigendur að fasteignum. Bæri ekki saman eignarhaldi samkvæmt kaupsamningum og skráningu í Fasteignaskrá væri skráningu hafnað.

Í tilviki ákærða mun verklag við afgreiðslu almennt hafa verið á þann veg að hann fékk til meðferðar umsóknir um sérstaka skráningu, yfirför skilyrði fyrir umbeðinni skráningu og ákvað hvort umsókn yrði samþykkt eða ekki. Væri skráningin samþykkt kom það í hlut ákærða að fara yfir innsendar virðisaukaskattsskýrslur samkvæmt ákvæði 3. mgr. 2. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og samþykkja skýrslu ef skilyrði til endurgreiðslu væru fyrir hendi. Í nefndu ákvæði segir að skattstjóri skuli rannsaka virðisaukaskattsskýrslu sérstaklega. Fallist hann á skýrsluna tilkynni hann innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu þess innskatts sem fram kemur á skýrslunni, en innheimta útskatts fellur niður.

Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins og framburði vitnisins A en að ákærði Halldór Jörgen hafi í öllum tilvikum samþykkt skilyrði til endurgreiðslu á innskatti úr ríkissjóði vegna Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. Vitnið A hafði það hlutverk hjá skattstjóranum í Reykjavík og síðar hjá ríkisskattstjóra að stofna virðisaukaskattsnúmer í virðisaukaskattskerfið vegna sérstakrar skráningar og færa inn samþykktar virðisaukaskattsskýrslur að beiðni ákærða Halldórs Jörgens. Kvaðst hún hafa treyst ákærða Halldóri Jörgen, enda hefði hann verið vel látinn starfsmaður og mikið inni á skrifstofu vitnisins H, skrifstofustjóra virðisaukaskattsdeildar, sem var yfirmaður ákærða ásamt G. Í framburði vitnisins A fyrir dómi kom fram að hún hefði annast skráningar inn í VSK 2000 tölvukerfið fyrir ákærða vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna sérstakrar skráningar, en ákærði hefði yfirfarið öll gögn sem vörðuðu skráninguna. Hafi hann komið með nauðsynlegar upplýsingar fyrir skráninguna skrifaðar á blað sem hún hafi skilað til hans aftur eftir skráninguna, eða hent í ruslið væru upplýsingar á „gulum miðum“.

Umsókn Ólafsson-heildverslunar ehf. til skattstjórans í Reykjavík um sérstaka skráningu er dagsett 1. september 2009. Degi síðar stofnaði ákærði Halldór Jörgen mál vegna umsóknarinnar og sendi bréf til umsækjandans, sem vistað var í skjalakerfi embættisins. Þar segir að umsóknin hafi borist og að embættið hafi undir höndum kaupsamning á milli umsækjanda og Þ ehf. og samþykktar teikningar, en það sem vanti sé þinglýstur lóðarleigusamningur eða kaupsamningur um byggingarlóðina og þinglýst yfirlýsing kaupanda þess efnis að hann skuldbindi sig til að yfirtaka leiðréttingarkvöð vegna innskatts. Þann 8. september 2009 var stofnað virðisaukaskattsnúmerið [...] af A með byrjunardag skráningar 1. mars 2009. Sama dag var félaginu tilkynnt að því hefði verið heimiluð sérstök skráning vegna framkvæmda við byggingu atvinnuhúsnæðis að [...] í Mosfellsbæ.

Byggingarkostnaður sé áætlaður 400.000.000 króna að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá segir að áætlaður virðisaukaskattur sé 98.000.000 króna. Þá segir í bréfinu að krafist sé ábyrgðar til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á virðisaukaskatti að höfuðstól allt að 98.000.000 króna, auk verðbóta og kostnaðar sem ríkissjóður kann að hafa af kröfunni. Tveimur dögum síðar, eða 10. september 2009, var færð inn trygging á félagið í VSK 2000 kerfinu.

Svo sem rakið er í ákæru var skilað inn tveimur virðisaukaskattsskýrslum sem mynduðu inneign til útgreiðslu hjá ríkissjóði sem Tollstjóri greiddi inn á reikning Ólafsson-heildverslunar ehf. í Íslandsbanka, samtals að fjárhæð 103.505.311 krónur (27.345.912 + 76.159.399). Báðar skýrslurnar voru samþykktar af ákærða og færðar í VSK 2000 kerfið. Vitnið A kvaðst fyrir dómi hafa skráð og staðfest skýrslurnar samkvæmt fyrirætlum ákærða Halldórs Jörgens í framhaldi af því að ákærði hefði samþykkt skýrslurnar til greiðslu með því að setja stafina sína á skýrslurnar. Kvaðst vitnið hafa treyst ákærða, en hann hefði oft staðið yfir henni á meðan hún skráði upplýsingar frá honum í kerfið.

Með þeirri háttsemi ákærða sem lýst er í A-lið í I. kafla ákærunnar að afgreiða umsókn félagsins um sérstaka skráningu og endurgreiðslur gegn betri vitund beitti ákærði að áliti dómsins blekkingum þegar hann gaf A fyrirætlum um að færa fyrirnefndar skráningar í VSK 2000 kerfið. Eins og fram er komið fundust ekki þau gögn sem til er vitnað í bréfum ákærða og tölvupósti sem eru hluti af rannsóknargögnum. Á það við um samninga, yfirlýsingar, tryggingar, ábyrgðaryfirlýsingar og rekstrarlegar upplýsingar og forsendur fyrir háum innskatti, en slíkar upplýsingar þurfti að sannreyna samkvæmt áðurgreindum ákvæðum reglugerðar nr. 577/1989, sbr. 2. mgr. 3. gr. Fyrir dómi bar ákærði á þann veg að gögnin hefðu horfið úr vörslum skattstofunnar án þess að gefa trúverðugar skýringar á ástæðu þess að mati dómsins og verður ekki hjá því komist að álykta á þann veg að gögn þessi hafi aldrei verið til. Þá liggur fyrir að eignarhald á þeirri fasteign sem um ræðir var ekki með þeim hætti sem fram kemur í bréfum ákærða. Þ ehf. keypti fasteignina [...] af Æ ehf. 27. febrúar 2009 og var eigandi eignarinnar þegar ákærði afgreiddi umsókn Ólafsson-heildverslunar ehf. um sérstaka skráningu, en félagið hefur aldrei átt þá eign sem tilgreind er í umsókn félagsins. Viðurkenndi ákærði fyrir dómi að hann hefði rýnt í gögnin en greinilega ekki nógu vel. Þá greindi hann jafnframt frá því að yfirmenn hans hefðu sagt honum að styðjast við kaupsamninga ef eignarhaldi samkvæmt kaupsamningi bæri ekki saman við opinbera skráningu, en vitnin G og H könnuðust við að hafa sagt ákærða það.

Fleiri atriði koma fram í bréfi ákærða til Ólafsson-heildverslunar ehf. 8. september 2009 um staðfestingu á sérstakri skráningu félagsins sem ekki fá staðist, eða eru beinlínis röng. Á það við um landnúmer fasteignarinnar að [...] og

reiknaðan virðisaukaskatt af áætluðum byggingarkostnaði.

Við rannsókn málsins komu fram fá gögn sem tengdust afgreiðslu ákærða á umsókn H94 ehf. um sérstaka skráningu sem ákærði samþykkti með bréfi 5. maí 2010. Var heimiluð sérstök skráning í virðisaukaskattsskrá frá 12. febrúar 2009 vegna framkvæmda við endurbyggingu á 921 fermetra atvinnuhúsnæði að [...] í Reykjavík. Í bréfinu segir að framkvæmdir hafi byrjað í febrúar 2009 og verklok áætluð um mitt sumar 2010. Áætlaður byggingarkostnaður sé 910.000.000 króna að virðisaukaskatti meðtöldum. Einnig segir að H94 ehf. hafi selt eignina til Y ehf. samkvæmt kaupsamningi sem fylgi umsókninni. Var óskað eftir að ábyrgðaryfirlýsing banka samkvæmt reglugerð nr. 577/1989 félli niður.

Sama dag og umsókn H94 ehf. var samþykkt af ákærða var virðisaukaskattsnúmerið [...] stofnað í tölvukerfinu VSK 2000 vegna sérstakrar skráningar félagsins. A færði skráninguna í tölvukerfið og upphafsdagsetninguna 12. febrúar 2009.

Eins og fram kemur í ákæru var alls skilað inn sjö virðisaukaskattsskýrslum dagsettum 21. apríl 2010 sem eru stimplaðar og móttæknar með stimpli skattstofu Reykjavíkur 4. maí 2010. Saman mynduðu skýrslurnar tilhæfulausa inneign hjá ríkissjóði að fjárhæð 81.130.593 krónur. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa samþykkt skýrslurnar, en þær voru stimplaðar „samþykkt HG“. Kvaðst ákærði ekki hafa notað stimpil með þessum stöfum, en hjá lögreglu 22. september 2010 staðfesti ákærði að hann hefði samþykkt leiðréttingarskýrslu frá H94 ehf. sem stimpluð var og móttækin 4. maí 2010. Skýrslurnar mynduðu inneign til útgreiðslu hjá ríkissjóði sem Tollstjóri greiddi inn á reikning H94 ehf. í Arion banka, samtals að fjárhæð 81.130.593 krónur. Vitnið A greindi frá því fyrir dómi að ákærði Halldór Jörgen hefði notað stimpilinn „samþykkt HG“ og að það sem hún hefði skráð í VSK 2000 tölvukerfið hefði komið frá ákærða. Skráði vitnið skýrslurnar inn í tölvukerfið. Vitnið H bar einnig um það að ákærði hefði notað stimpilinn. Að þessu virtu þykir sannað þannig að ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum að umræddar skýrslur hefðu verið samþykktar af ákærða sem falið hefði vitninu A að skrá þær í tölvukerfið og að með því hafi ákærði leynt vitnið því að skýrslurnar væru tilhæfulausar með öllu og blekkt vitnið til að skrá þær.

Einni virðisaukaskýrslu H94 ehf. var skilað rafrænt til ríkisskattstjóra. Var það gert 3. júní 2010. Samkvæmt skýrslunni, sem var fyrir tímabilið mars-apríl sama ár, var inneign til útgreiðslu 93.199.562 krónur. Staðfesti vitnið A skýrsluna og skráði hana í kerfið. Daginn eftir að skýrslan barst ríkisskattstjóra sendi ákærði tölvubréf á netfangið [...] með ósk um að honum yrðu sendir hreyfingalistar vegna fyrrgreinds tímabils ásamt ljósriti af „stærstu“ reikningunum. Af því verður ekki annað ráðið en að ákærði hafi fengið skýrsluna til afgreiðslu og að hann hafi

samþykkt hana til greiðslu. Í svarpósti tveimur dögum síðar var upplýst að umbeðin gögn hefðu verið send í pósti. Þann 8. júní 2010 var fyrrnefnd virðisaukaskattsskýrsla samþykkt í VSK 2000 tölvukerfinu af vitninu A og myndaðist þá inneign sem Tollstjóri greiddi inn á bankareikning H94 ehf. Var það gert 10. júní 2010, en þann 16. júní sama ár var virðisaukaskattsnúmeri félagsins lokað. Í skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins 20. desember 2013 segir að númerinu hafi verið lokað með dagsetningunni 30. desember 2010. Sé virðisaukaskattsnúmerum ekki lokað í skattkerfinu án samráðs við rekstraraðila eða án undangenginna bréfaskipta. Engin gögn, hvorki bréf né tölvupóstur, liggi fyrir með beiðni frá eigendum eða forsvarsmönnum H94 ehf., eða starfsmönnum ríkisskattstjóra, um að loka virðisaukaskattsnúmeri félagsins.

Af því sem að framan er rakið verður ekki hjá því komist að álykta sem svo að ákærði Halldór Jörgen hafi beitt blekkingum þegar hann fékk vitnið A til þess að færa skráningarnar í VSK 2000 skattkerfið. Samkvæmt gögnum málsins og framburði vitnisins A skráði hún allar upplýsingar og skýrslur sem tengdust sérstakri skráningu H94 ehf. inn í kerfið samkvæmt fyrirmælum frá ákærða Halldóri Jörgen. Þrátt fyrir leit fannst hvorki umsókn H94 ehf. um sérstaka skráningu né fylgigögn umsóknar og rennir það stoðum undir það að ákærði Halldór Jörgen hafi komið að málinu á eigin starfsvettvangi, enda engum öðrum til að dreifa í því sambandi. Í skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins er vakin athygli á því að daginn eftir að skráning á virðisaukaskattsnúmeri fyrir H94 ehf. í VSK 2000 kerfinu var gerð hafi byrjunardagsetningu verið breytt og hún sögð vera 12. febrúar 2009. Hafi það verið gert til að unnt væri að skila virðisaukaskattsskýrslum frá þeim tíma, en sé „stórfurðulegt í því ljósi að kennitala félagsins [...] sýnir að það var ekki stofnað fyrr en í desember 2009, eða um 11 mánuðum síðar.“ Þessu til viðbótar liggur fyrir að eignarhald á fasteigninni [...] var ekki með þeim hætti sem greinir í staðfestingu ákærða Halldórs Jörgens á sérstakri skráningu H94 ehf. 5. maí 2010, en þar segir ranglega að félagið hafi selt Y ehf. fasteignina. Samkvæmt Fasteignaskrá Íslands, sem ákærði hafði aðgang að vegna starfa sinna, hefur Z ehf. verið eigandi fasteignarinnar frá 12. nóvember 2001.

Við rannsókn lögreglu á málinu var gerð greining á fjármálum ákærða Halldórs Jörgens. Í niðurstöðum greiningarinnar, sem dagsett er 17. febrúar 2014, segir að rannsókn lögreglu bendi til talsverðra umsvifa ákærða með reiðufé frá haustdögum 2009 og fram í ágúst 2010. Ekki verði þó vart við þessa reiðufjárnotkun fyrr en eftir að fyrstu peningaúttektir hefjast vegna fjársvika í tengslum við Ólafsson-heildverslun ehf. Þá hafi rannsóknin leitt í ljós að reiðufé sem ákærði virðist hafa haft til umráða sé nokkru meira en það reiðufé sem hann sagðist hafa fundið í ársbyrjun 2009, en framburður hans um þá fjármuni hafi tekið

breytingum eftir því sem rannsókn lögreglu hafi miðað fram. Sýndi skoðun lögreglu fram á reiðufjárnotkun, þar sem ekki var unnt að rekja uppruna fjár með skýrum hætti, að fjárhæð 9.609.500 krónur allt frá 21. október 2009 til maí 2011. Fyrir liggur að fyrsta greiðsla Tollstjóra inn á reikning Ólafsson-heildverslunar ehf. var greidd 6. október 2009 og hófust kerfisbundnar úttektir af reikningnum þann sama dag. Gaf ákærði Halldór þær skýringar á aukinni reiðufjárnotkun sinni að hann hefði í janúar 2009 fundið ríflega sjö milljónir króna í poka við bifreið sína þar sem henni var lagt á bifreiðastæði við vinnustað hans. Er þessi frásögn ákærða með miklum ólíkindum.

Í I. kafla ákærunnar, C-lið, er ákærða Halldóri Jörgen gefið að sök peningaþvætti með því að hafa á tímabilinu frá október 2009 til loka ágústmánaðar tekið við, frá óþekktum aðila, fyrrgreindri fjárhæð, 9.609.500 krónum í reiðufé, sem hann nýtti sér í eigin þágu og fjölskyldu sinnar á tímabili.

Það er mat dómsins að allar skýringar ákærða Halldórs Jörgens um hvarf á gögnum sem varða ákvörðun hans og staðfestingu á sérstakri skráningu Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. á virðisaukaskattsskrá samkvæmt reglugerð nr. 577/1989 séu ótrúverðugar og að engu hafandi. Enginn vegur er til að byggja á slíkum skýringum. Er við það miðað að gögn þessi hafi annað tveggja aldrei verið til eða að ákærði Halldór Jörgen hafi sjálfur komið þeim undan. Samkvæmt upplýsingum Landsbankans liggur beinlínis fyrir að ábyrgðaryfirlýsing vegna Ólafsson-heildverslunar ehf. var hvorki útbúin í bankanum né skráð þar eins og gögn frá ákærða báru þó með sér. Þá hefur ákærði viðurkennt að hann hafi gert mistök við afgreiðslu á umsóknum þeirra tveggja félaga sem mál þetta varðar. Það er ekki alls kostar trúverðugt í því ljósi að ákærði Halldór Jörgen er menntaður lögfræðingur sem sérhæfði sig í námi á því sviði sem hann starfaði við. Athugun skattrannsóknarstjóra leiddi að auki í ljós að afgreiðslur ákærða á erindum Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. voru þær einu sem var áfátt og gögn vantaði um, en í öðrum tilvikum, sem ákærði afgreiddi, voru gögn til staðar með umsóknum ásamt hreyfingalistum. Verður það á engan hátt talið tilviljun háð að gögn að baki umsóknum Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. voru ekki á þeim stað sem slík gögn bar að varðveita og þá ekki að þessi tvö félög væru svo notuð í þaulskipulögðum og umfangsmiklum fjársvikum sem ollu ríkissjóði tjóni. Loks er að engu hafandi sú fjarstæðukennda skýring ákærða á aukinni notkun reiðufjár, sem fjármálagreining lögreglu staðfestir, á því tímabili sem til rannsóknar var. Að þessu virtu og því sem að framan er rakið þykir sannað svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í I. kafla ákærunnar, liðum A-C, og verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi.

Ákærufli II

Ákærða Steingrími Þór Ólafssyni er í þessum ákærufli gefið að sök peningaþvætti með því að hafa fengið meðákærða Thomas til að gerast prókúruhafi að bankareikningi H94 ehf. númer [...] í Ariona banka gegn greiðslu þóknunar og fengið meðákærðu Guðrínu Höllu, Unnar Vilhelm og Sigríði til að gerast prókúruhafar að bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. númer [...] í Íslandsbanka gegn greiðslu þóknunar. Skipulagði ákærði Steingrímur á tímabilinu 6. október 2009 til 23. júlí 2010 og gaf fyrirnefndum meðákærðu fyrirmæli og leiðbeiningar, þegar ávinningur af auðgunarbroti meðákærða Halldórs Jörgens, sem lýst er í A- og B-liðum I. ákærufli, hafði verið millifærður af Tollstjóra inn á fyrirnefnda bankareikninga félaganna, um það hvernig úttektum og millifærslum á hinum ólöglegu fjármunum skyldi hátað og afhenda honum þá fjármuni sem meðákærðu tóku út í reiðufé í útibúum Arion banka og Íslandsbanka. Er ákærða Steingrími Þór gefið að sök að hafa tekið við frá meðákærðu Thomasi, Guðrínu Höllu, Unnari Vilhelm og Sigríði samtals allt að 277.818.008 krónum í reiðufé, þrátt fyrir að hafa hlotið að vera það ljóst að um illa fengið fé væri að ræða, geyma það um stund og afhenda þá ónafngreindum aðila. Með þessari háttsemi sinni aflaði ákærði öðrum ávinnings og fékk átta milljónir í reiðufé fyrir, sem hann nýtti í eigin þágu.

Ákærði neitar sök. Hann greindi frá því fyrir dómi að maður, sem hann vildi ekki nafngreina, hefði beðið hann að „redda tveimur félögum“ af því að það þyrfti að koma fjármagni til landsins til réttra eigenda og hafi það verið ástæðan fyrir því að bankareikningar félaganna hafi verið notaðir. Ekkert væri ólöglegt við það og kvaðst ákærði hafa trúað manningnum og treyst honum og því beðið fyrirverandi kærustu sína og vini um að aðstoða við verkið. Kvaðst ákærði hafa fengið meðákærðu Sigríði, Thomas, Unnar Vilhelm og Guðrínu Höllu til verksins og rétt þeim umslag með umbun fyrir verkið, án þess að vita sjálfur hvort peningar væru í umslaginu eða eitthvað annað, enda hefðu þetta ekki verið hans peningar. Þá viðurkenndi ákærði að hafa fengið samtals átta milljónir í sinn hlut. Af þeim kvaðst ákærði hafa notað 5,8 milljónir til að kaupa sumarbústað, en eftirstöðvarnar hefðu verið til daglegra nota.

Af framburði ákærða verður ekki annað ráðið en að hann játi aðild sína að málinu, þannig að ónafngreindur maður hafi snúið sér til hans og beðið hann um aðstoð við að koma peningum til landsins. Hafi sá ónafngreindi markað farveg málsins með þeim hætti að peningar yrðu lagðir inn á einkahlutafélög og skyldi ákærði síðan koma peningunum til hans. Í greinargerð ákærða segir að hann hafi þekkt ónafngreinda manninn lengi og aldrei haft annað en gott af honum að segja.

Hefur ákærði Steingrímur gengist við því að hafa fengið þau Sigríði, Thomas, Unnar og Guðrúnu Höllu til að aðstoða sig við að ná peningunum. Gaf ákærði þeim öllum fyrirmæli um það hvernig standa skyldi að því að taka peninga út úr bankaútibúum Arion banka og Íslandsbanka, bæði að því er varðaði úttekna fjárhæð hverju sinni og að fara skyldi í mismunandi útibú. Þá hafa fyrrnefnd meðákærðu borið um það fyrir dómi að ákærði Steingrímur hafi sagt þeim að uppruni peninganna væri endurgreiðsla frá skattinum. Á hinn bóginn hefur ákærði borið um það fyrir dómi að ónafngreindi aðilinn hefði sagt að koma þyrfti löglegum peningum til landsins vegna hnökra í bankakerfinu. Er þannig ljóst að ákærði hefur borið með tvennum hætti um uppruna peninganna og fær það því ekki staðist að ákærði hafi talið að fjármunir þeir sem hann fékk í hendur, varðveitti um stund og afhenti síðan hinum ónafngreinda manni væru löglega fengið fé og að hann hafi ekki gert neitt ólöglegt. Þá liggur fyrir að ákærði fékk í sinn hlut 8.000.000 króna sem þóknun fyrir verkið, sem telst há þóknun fyrir úttektir á löglega fengnu fé. Þóknunina, sem ákærði fékk greidda á árunum 2009 og 2010, fjórar milljónir í hvort sinn, taldi ákærði ekki fram til skatts, sbr. úttekt lögreglu á fjármálum ákærða.

Samkvæmt framanröktu þykir nægilega sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærða Steingrími hafi verið kunnugt um það að reiðufé það sem hann fékk í hendur frá meðákærðu Sigríði, Thomasi, Unnari Vilhelm og Guðrúnu Höllu hafi verið ólöglega fengið fé. Varðveitti ákærði fjármunina, samtals 277.818.008 krónur, og afhenti þá loks hinum ónafngreinda manni. Þá telst einnig sannað, svo hafið sé yfir skynsamlega vafa, að fjármunir þeir sem ákærði Steingrímur tók við frá meðákærðu hafi verið ólögsmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs Jörgens í opinberu starfi. Verður ákærði Steingrímur Þór Ólafsson sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í II. kafla ákærunnar og er þar rétt heimfærð til refsíákvæða. Samkvæmt þessari niðurstöðu er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins, sbr. 4. og 5. tölulið IX. kafla ákærunnar, svo sem í dómsorði greinir.

Ákærukafli III

Í III. kafla ákærunnar er ákærða Borgþóri Friðriki Ágústssyni gefið að sök peningabætti með því að hafa í júlí 2010 hitt meðákærða Thomas á veitingastaðnum Austurlandahraðlestinni í Kópavogi og tekið við frá Thomasi poka sem innihélt allt að 17.000.000 króna í reiðufé sem ákærði Borgþór geymdi og nýtti sér í eigin þágu, þrátt fyrir að hafa hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Voru fjármunirnir ólögsmætur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs Jörgens í opinberu starfi, sem lýst er í A- og B-liðum ákærukafli I, og hluti af úttektum meðákærðu Thomasar og Guðrúnar Höllu. Í

ákæru er háttsemi ákærða Borgþórs talin varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök og kvaðst ekkert kannast við þau atvik sem lýst væri í III. kafla ákærunnar. Þá kvaðst hann ekki hafa neinar skýringar á því hvers vegna meðákærði Thomas hefði bent á hann í myndsakbendingu, enda hefði hann ekki hitt Thomas fyrir þingfestingu málsins.

Meðákærði Thomas Zahniser greindi frá því fyrir dómi að hann hefði séð glitta í meðákærða Borgþór Friðrik heima hjá Steingrími Þór en ekki verið honum málkunnugur. Þá lýsti Thomas því að Steingrímur hefði sagt honum að fara á veitingastaðinn Austurlandahraðlestina í Hlíðasmára, vera í ákveðnum klæðnaði, hitta þar mann og afhenda honum peninga. Kvaðst Thomas ekki muna nákvæmlega hvaða dag þetta hefði verið, en þetta hefði verið um mitt sumar, um kvöldmatarleytið. Kvaðst Thomas hafa hitt mann sem hann hefði síðar komist að við yfirheyrslu lögreglu að hétu Borgþór. Á veitingastaðnum hefði hann komið til hans, pikkað í hann og spurt hvort hann væri Tommi. Sagði Thomas að Borgþór hefði verið á svörtum Bens-jepplingi. Ákærði staðfesti undirritun sína undir skýrslu vegna myndsakbendingar.

Samkvæmt framburði ákærða Thomasar Zahniser, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, fór hann í eitt skipti, þegar Steingrímur var í útlöndum í júlí 2010, að undirlagi Steingríms heim til meðákærðu Guðrúnar Höllu og sótti þangað níu milljónir króna í reiðufé og fór í framhaldi af því með þá peninga, og peninga sem hann hafði sjálfur tekið út, samtals allt að 17 milljónir króna, á veitingastaðinn Austurlandahraðlestina við Hlíðasmára í Kópavogi. Þegar meðákærði Thomas sat þar að snæðingi kom til hans maður sem spurði hann hvort hann væri Tommi. Hann hafði þá farið út í bílinn sinn, sótt peningana og látið manninn hafa þá. Kvaðst Thomas einu sinni hafa séð „glitta í manninn“ heima hjá meðákærða Steingrími. Gekkst Thomas undir myndsakbendingu hjá lögreglu. Í skýrslu lögreglu um framkvæmd myndsakbendingarinnar segir að Thomas hafi verið 98% viss um að ákærði Borgþór væri maðurinn sem hann hefði afhent peningana á veitingastaðnum. Staðfesti Thomas skýrsluna fyrir dóminum. Þá er einnig fram komið að meðákærða Guðrún Halla bar um það að Thomas hefði í eitt skipti komið heim til hennar og sótt peninga í stað Steingríms sem hafi verið í útlöndum.

Greining lögreglu á fjarskiptagögnum leiddi í ljós að nokkur samskipti, eða um 10 símtöl, voru á milli ákærða Borgþórs og meðákærða Steingríms á tímabilinu mars til júní 2010. Þá leiddi rannsókn lögreglu í ljós að ákærði Borgþór kom á heimili meðákærða Steingríms 9. júní og 9. september 2010. Greining lögreglu á fjármálum ákærða Borgþórs, sem gerð var við rannsókn málsins, tekur til árána 2009 og 2010. Byggðist rannsóknin á gögnum sem aflað var hjá

fjármálafyrirtækjum. Niðurstaða greiningarinnar sýndi að þeir fjármunir sem ákærði hafði til ráðstöfunar voru í miklu ósamræmi við uppgefnar tekjur. Námu opinberar tekjur og rekjanlegar greiðslur 13.742.582 krónum. Útgjöld á sama tímabili námu 39.002.292 krónum. Við rannsóknina komu fram mikil umsvif með reiðufé og greiddi ákærði, svo dæmi sé tekið, fyrir ferð til Tenerife í júlí 2010 að fjárhæð 3.333.796 krónur í reiðufé. Þá segir í skýrslunni, sem unnin var af F lögreglufulltrúa, að greiningin hafi leitt í ljós að ákærði Borgþór hefði frá haustdögum 2009 og fram að handtöku haustið 2010 haft umtalsverðar fjárhæðir í reiðufé til umráða sem ekki séu í neinu samræmi við skráðar tekjur hans eða sambýliskonu hans. Þá segir orðrétt: „Þessara miklu umsvifa með reiðufé sér þó ekki stað fyrr en eftir að úttektir hófust af reikningum félaganna sem notuð voru við fjársvikin. Borgþór hefur ekki getað gefið neinar skýringar á uppruna þessara peninga sem hægt er að staðfesta með sannanlegum hætti auk þess sem hann hefur ítrekað greint rangt frá við yfirheyrslur varðandi fjármál sín.“

Svo sem fram er komið neitar ákærði sök. Í málinu nýtur við trúverðugs og greinargóðs framburðar meðákærða Thomasar, en samkvæmt framburði hans og myndsakbendingu, sem meðákærði Thomas undirgekkst, var það ákærði Borgþór sem hann afhenti peningana á fyrrnefndum veitingastað. Hefur ákærði Borgþór ekki að öllu leyti greint frá samskiptum sínum við meðákærða Steingrím og heldur ekki gefið viðhlítandi skýringar á mikilli reiðufjárnotkun sinni sem hófust um leið og úttektir af bankareikningum Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. Er að mati dómsins sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærði Borgþór Friðrik Ágústsson hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í III. kafla ákærunnar og verður hann sakfelldur fyrir þá háttsemi sem þar er lýst.

Ákærufakfla IV

Í þessum ákærufakfla er Thomasi Zahniser gefið að sök peningaþvætti með því að hafa að beiðni meðákærða Steingríms og gegn þóknun að lágmarki 100.000 krónur gerst prókúruhafi að bankareikningi H94 ehf. númer [...] í Arion banka og í kjölfarið tekið út samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum Steingríms fjármuni sem voru ólögmaður ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs Jörgens í opinberu starfi, sem lýst er í A- og B-liðum ákærufakfla I, tekið við þeim og haldið í sínum vörslum uns hann afhenti þá. Einnig að hafa tekið við fjármunum frá meðákærðu Guðrúnu Höllu Sigurðardóttur, sem einnig voru ólögmaður ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs í opinberu starfi, og afhent fjármunina. Loks millifærði ákærði eða lét millifæra fjármuni af bankareikningum, þrátt fyrir að ákærða hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Er

háttsemi ákærða nánar lýst í töluliðum 1-5 í ákæru og er þar talin varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði rétta þá háttsemi sem lýst er í ákærunni. Við aðalmeðferð málsins greindi ákærði frá því að meðákærði Steingrímur hefði beðið hann um að vera í fyrirsvari fyrir fyrirtæki sem ætti að taka við endurgreiðslum á virðisaukaskatti. Kvaðst ákærði sjá eftir því að hafa ekki athugað aðstæður betur, en hann hefði verið kærulaus á þessum tíma og því slegið til. Við fyrstu endurgreiðslu sagðist ákærði hafa áttað sig á því að þetta væri eitthvað „stórt og mikið“. Kvaðst ákærði hafa tekið þátt í að millifæra peninga og taka út peninga. Þá hafi sjokkið orðið ennþá meira þegar seinni greiðslan hafi komið, sem var enn hærri. Þá hafi ákærða langað til að bakka út úr þessu en ekki getað það. Lýsti ákærði því að hann hefði í upphafi ekki verið viss um að eitthvað vafasamt væri í gangi, en kæruleysið væri á hans ábyrgð og hefði hann átt að kanna þetta betur.

Fyrir liggur að ákærði Thomas hefur játað rétta þá háttsemi sem í ákæru greinir. Er sannað með játningu ákærða, sem fær stoð í gögnum málsins, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar rétt heimfærð til refsíákvæða. Verður ákærði sakfelldur og honum gerð refsing fyrir háttsemina.

Ákærukafla V

Í þessum ákærukafla er ákærðu Guðrúnu Höllu Sigurðardóttur gefið að sök peningabætti með því að hafa að beiðni meðákærða Steingríms og gegn þóknun, samtals að fjárhæð allt að 3.500.000 krónur, gerst prókúruhafi að bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. nr. [...] í Íslandsbanka og í kjölfarið samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum Steingríms tekið út fjármuni sem voru ólögmetur ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs Jörgens Gunnarssonar í opinberu starfi sem lýst er í A- og B-liðum í I. kafla ákærunnar, haldið fjármuninum í sínum vörslum þar til hún afhenti þá og einnig látið í tveimur tilvikum millifæra samtals 8.000.000 króna af fyrrnefndum bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og inn á bankareikning H94 ehf. númer [...] í Arion banka. Í ákæru er háttseminni nánar lýst í 1.-4. tölulið og er ákærðu gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 30. október til 23. júlí 2010, samtals í 83 skipti, tekið út samtals 133.820.760 krónur. Er háttsemi ákærðu talin varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greindi frá því fyrir dómi að meðákærði Steingrímur hefði beðið hana um að gerast prókúruhafi á bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og að taka peninga út af reikningi félagsins og hefði hún gert það. Hún hefði farið í banka

og tekið út peninga fyrir Steingrím án þess að vita hvað það hefði verið mikið. Hún sagði Steingrím hafa verið í alls kyns viðskiptum og hefði oft haft mikið af peningum milli handanna. Þá kvaðst ákærða hafa vitað af því að meðákærðu Unnar Vilhelm og Sigríður hefðu einnig haft prókúru á reikningnum. Hún hefði ekki vitað um það hvaðan peningar á reikningi félagsins hefðu komið. Hefði Steingrímur aldrei nefnt það, en hann hefði sagt ákærðu að sniðugt væri að fara ekki alltaf í sama útibúið. Þá kom fram í framburði ákærðu að hún hefði í öllum tilvikum utan eins látið meðákærða Steingrím hafa þá fjármuni í umslagi sem hún tók út. Í eitt skipti hefði meðákærði Steingrímur verið að fara til útlanda og þá sagt ákærðu að meðákærði Thomas myndi koma og sækja umslagið, líklega um níu milljónir. Kannaðist ákærða ekki við að hafa fengið greitt fyrir úttektir eða millifærslur. Ákærða sagði Steingrím hafa verið örlátan og oft látið hana fá peninga. Hann hefði verið mikið inni á heimili hennar.

Fyrir liggur í málinu að ákærða Guðrún Halla var með prókúru á bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. frá 30. október 2009. Er henni gefið að sök að hafa tekið samtals 133.820.760 krónur út af bankareikningi félagsins frá október 2009 til júlí 2010 á árunum 2009 og 2010. Þá er henni einnig gefið að sök að hafa millifært samtals 8 milljónir króna af reikningnum í desember 2009. Ekki verður annað ráðið af framburði ákærðu fyrir dómi en að hún hafi í öllum meginatriðum gengist við því að hafa viðhaft þá háttsemi sem lýst er í ákærukafla V. Ákærða kveðst ekki hafa vitað að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Bar ákærða um það fyrir dómi að meðákærði Steingrímur hefði beðið hana um að gerast prókúruhafi á reikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og að taka peninga út af reikningi félagsins í Íslandsbanka. Þá kom fram hjá ákærðu að meðákærði Steingrímur hefði verið mikið inni á heimili hennar og hefði verið örlátur við hana og oft látið hana fá peninga. Þá sagði ákærða Steingrím hafa verið í alls konar viðskiptum án þess að hún vissi af hvaða toga, en sagði hann oft hafa mikið fé á milli handanna. Þá hefði Steingrímur aldrei nefnt við hana hvaðan þeir peningar kæmu sem ákærða tók út af bankareikningi félagsins. Hjá lögreglu bar ákærða á hinn bóginn um það að Steingrímur hefði sagt henni að peningarnir væru endurgreiðsla frá skattinum. Þá kom fram í framburði ákærðu fyrir dómi að Steingrímur hefði bent henni á að það væri sniðugt að fara ekki alltaf í sömu bankaútibúin til að taka út peninga og stundum hefði hann nefnt hvaða upphæðir hún ætti að taka út.

Af þessu verður ekki annað ráðið en að Steingrímur hafi bent ákærðu á að fara á milli útibúa til að vekja ekki of mikla athygli og liti það betur út frá sjónarhóli ákærðu. Að mati dómsins sýna þessi ráð að fyrir ákærðu vakti að vekja ekki of mikla athygli þegar hún var að taka út peninga í bankaútibúum. Það er mat

dómsins að framburður ákærðu fyrir dómi um að hún hafi ekki vitað um uppruna þeirra peninga sem hún tók út sé í meira lagi ótrúverðugur. Ef litið er til þess sem fram kom hjá ákærðu um að meðákærði Steingrímur hefði verið mikið inni á heimili hennar og til umfangs þeirra úttekta sem hún annaðist fyrir Steingrím, alls rúmlega 133 milljónir króna með 83 úttektum frá október 2009 til júlí 2010 í mismunandi bankaútibúum, verður ekki hjá því komist að álykta sem svo að ákærða hafi búið yfir vitneskju um að peningarnir hafi ekki verið löglega fengið fé. Horfa verður til þess að framburður ákærðu hjá lögreglu var með nokkuð öðru móti og gat ákærða ekki skýrt ástæðu þess fyrir dómi með trúverðugum hætti.

Að því virtu sem fram er komið og atvikum að öðru leyti þykir ákærvaldinu hafa tekist að sanna, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærða Guðrún Halla hafi vitað að fjármunir þeir sem hún tók út af reikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. eða millifærði á reikning H94 ehf. hafi verið illa fengið fé. Verður ákærða samkvæmt því sakfelld fyrir þá háttsemi sem lýst er í V. kafla ákærunnar.

Ákærufli VI

Í þessum ákærufli er ákærða Unnari Vilhelm Karlssyni gefið að sök peningabætti með því að hafa að beiðni meðákærða Steingríms og gegn þóknun, samtals að fjárhæð allt að 250.000 krónur, gerst prókúruhafi að bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. nr. [...] í Íslandsbanka og á tímabilinu frá 9. október til 17. desember 2009 í alls 13 tilvikum tekið út 13.850.000 krónur af reikningnum sem var ólögmaður ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs Jörgens Gunnarssonar í opinberu starfi sem lýst er í A- og B-liðum í I. kafla ákærunnar, haldið fjármununum í sínum vörslum þar til hann afhenti meðákærða Steingrími þá, og í einu tilvika millifært 3.900.000 krónur af fyrrnefndum bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og inn á bankareikning H94 ehf. númer [...] í Arion banka. Í ákæru er háttsemin talin varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi þá háttsemi að hafa tekið út og millifært þá fjármuni sem um getur í þessum ákærufli, en heldur því fram að hann hafi verið í góðri trú og talið um að ræða löglega fengið fé. Hafnar ákærði því sem röngu og ósönnuðu að huglæg afstaða hans hafi staðið til verknaðarins, það er að honum „hafi hlotið að vera það ljóst að um ólöglega fengið fé væri að ræða,“ sbr. orðalag ákærunnar.

Í gögnum málsins og greinargerð ákærða eru rakin tengsl hans og meðákærða Steingríms Þórs Ólafssonar og greint frá erfiðum aðstæðum ákærða fjárhagslega eftir bankahrunið svonefnda. Leitaði ákærði til meðákærða Steingríms,

sem hann vissi að var í rekstri, um að útvega sér verkefni tengd rekstrinum. Bauð Steingrímur honum að gerst prókúruhafi Ólafsson-heildverslunar ehf. þar sem eigandi félagsins, meðákærða Sigríður, væri búsett úti á landi. Sagði Steingrímur ákærða að verkefnið fælist í því að taka út fé af bankareikningi félagsins þar sem Sigríður ætti þess ekki kost sjálf. Fékk ákærði greidda 250.000 króna þóknun og innti verkið af hendi samkvæmt nánari fyrirætlun meðákærða Steingríms Þórs.

Framburður ákærða hjá lögreglu var með nokkuð öðrum hætti, sérstaklega í fyrstu skýrslutökum, en fyrir dómi gaf ákærði trúverðugar skýringar á breyttum framburði sínum. Sagði ákærði það annars vegar vera fyrir vantraust á lögreglu og hins vegar ráðleggingar frá lögmönnum um að halda sig við þann framburð sem hann gaf í fyrstu. Einnig kom fram hjá ákærða í skýrslu hans fyrir dómi að gæsluvarðhald og einangrun hefði haft mikil áhrif á líðan hans og hefði hann verið greindur með áfallastreituröskun og þurft að leita sér aðstoðar lækna og sálfræðinga.

Þá sagði ákærði fyrir dómi að það hefði litið þannig út að meðákærði Steingrímur væri í lögmætri starfsemi og kvaðst ákærði hafa lagt það til grundvallar þegar hann tók að sér umrætt verkefni fyrir Steingrím. Þá hefði það haft áhrif á mat hans að fjármunir þeir sem hann tók út af reikningnum komu frá ríkissjóði.

Samkvæmt þessu vissi ákærði það að fjármunir á bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. komu frá ríkissjóði. Úttektirnar áttu sér stað skömmu eftir bankahrunið þegar mikið vantraust ríkti í garð bankakerfisins. Ákærði var í fjárhagsvandræðum og leitaði til Steingríms vegna þess, eins og hann hafði gert áður. Þá fékk ákærði tiltölulega lága þóknun fyrir að inna verkið af hendi samanborið við heildarfjárhæð úttekta og millifærsluna. Samkvæmt þessu og í ljósi allra atvika málsins er ekki á það fallist með ákærvaldinu að ákærða hafi verið það ljóst að umræddir fjármunir væru afrakstur brotastarfsemi. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir peningaþvætti af ásetningi eins og hann er ákærður fyrir. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að virða ákærða það til gáleysis að hafa ekki gengið úr skugga um það með viðhlítandi hætti hver var uppruni þeirra fjármuna sem hann tók út og millifærði af bankareikningi félagsins. Fram hjá því verður ekki horft að beiðni Steingríms til ákærða verður að teljast nokkuð óvenjuleg svo ekki sé fastara að orði kveðið. Samkvæmt því sem fram er komið verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærukafla VI, en háttsemin er metin ákærða sem gáleysisbrot.

Ákærukafla VII

Samkvæmt þessum ákærukafla er ákærðu Sigríði E. Guttormsdóttur gefið að sök peningaþvætti með því að hafa að beiðni meðákærða Steingríms og gegn

Þóknun að fjárhæð allt að 400.000 krónur gerst prókúruhafi að bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. númer [...] í Íslandsbanka og á tímabilinu frá 6. október 2009 til 23. desember 2009 í 12 tilvikum tekið út 19.536.380 krónur af reikningnum sem var ólögmaður ávinningur af auðgunarbrotum meðákærða Halldórs Jörgens Gunnarssonar í opinberu starfi sem lýst er í A- og B-liðum í I. kafla ákærunnar, haldið fjármununum í sínum vörslum þar til hún afhenti meðákærða Steingrími þá, og í einu tilvika millifært 16.000.000 króna af fyrrnefndum bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. og inn á bankareikning H94 ehf. í Arion banka. Í ákæru er háttsemin talin varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Upplýst er í málinu að ákærða er fyrrverandi unnusta meðákærða Steingríms og stofnaði félagið Ólafsson-heildverslun ehf. með honum á árinu 2005, upphaflega til þess að selja heilsu- og snyrtivörur. Ákærða var skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins með prókúru til ársloka 2009. Þá var ákærða með prókúru fyrir bankareikning félagsins Ólafsson-heildverslun frá 8. september 2009 og er skráð fyrir úttektum á tímabilinu 6. október til 23. desember 2009, samtals að fjárhæð 19.536.380 krónur, og millifærslum að fjárhæð 16.000.000 króna í desember 2009.

Fyrir dómi greindi ákærða svo frá að hún hefði stofnað nýjan bankareikning fyrir Ólafsson-heildverslun ehf. að beiðni meðákærða Steingríms sem hefði gefið henni skýr fyrirmæli um það hvernig umsóknin ætti að vera. Sagði hann ákærðu að hann ætti von á endurgreiðslu frá skattinum vegna byggingarframkvæmda. Kvaðst ákærða hafa gerst prókúruhafi á reikningnum frá sama tíma. Fram kom að ákærða hefði séð háar upphæðir inni á reikningnum, en mundi ekki hve háar. Steingrímur hefði sagt henni að uppruni fjárins væri endurgreiðsla frá skattinum vegna byggingarframkvæmda. Ekkert annað hefði verið nefnt í því sambandi. Þá lýsti ákærða því að Steingrímur hefði beðið hana að taka út reiðufé af bankareikningi félagsins svo sem greinir í ákæru og hefði hann tilgreint bæði ákveðnar upphæðir og í hvaða banka ákærða skyldi fara. Kvaðst ákærða ekki hafa leitt hugann að því hvers vegna Steingrímur hefði óskað eftir því að farið yrði í mismunandi útibú. Í öllum tilvikum hafi ákærða afhent Steingrími þá peninga sem hún hefði tekið út af reikningi félagsins. Hvað varðar millifærslu inn á bankareikning H94 ehf. sagði ákærða að hún hefði ekki haft tengsl við félagið, en Steingrímur hefði látið ákærðu hafa upplýsingar um kennitölu félagsins og fyrirmæli um að leggja inn á reikninginn. Kannaðist ákærða við undirritun sína á kvittun fyrir millifærslunni. Í framburði ákærðu kom fram að hún hefði fengið 300.000 krónur frá Steingrími, þar af 200.000 krónur til að kaupa jólagjafir fyrir fjölskyldu hans og vini, sem ákærða kveðst hafa gert og látið hann hafa. Þá kvaðst ákærða hafa verið blönk um haustið

og beðið Steingrím um að lána sér 200.000 krónur, en kvaðst halda að hann hafi þá látið hana hafa 100.000 krónur.

Samkvæmt þessu liggur fyrir að ákærða gerir ekki athugasemd við þá lýsingu sem greinir í VII. kafla ákærunnar, en heldur því fram að hún hafi ekki vitað að um ólöglega fengið fé væri að ræða. Þá hafnar ákærða því að hún hefði þegið sérstaka eða óeðlilega þóknun fyrir úttektirnar. Ákærða hefur í öllum meginatriðum borið um þau atvik sem að henni snúa með sama hætti hjá lögreglu og fyrir dómi. Fyrir liggur að ákærða var bæði tengd félaginu Ólafsson-heildverslun ehf. og meðákærða Steingrími sem greindi henni frá því að félagið væri í byggingarstarfsemi og ætti von á endurgreiðslu vegna byggingarframkvæmda. Þrátt fyrir þessa vitneskju ákærðu og þrátt fyrir að hún hafi orðið þess áskynja að háar fjárhæðir hafi verið inni á bankareikningi Ólafsson-heildverslunar ehf. þykir ákæruvaldinu ekki hafa tekist að sanna, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærðu hafi verið kunnugt um að þeir fjármunir sem hún tók út af bankareikningi félagsins og millifærði af reikningnum hafi verið ólöglega fengið fé, eða að henni hafi hlotið að vera það ljóst. Breytir þá engu þótt ákærða hafi fengið greitt fyrir úttektirnar frá Steingrími, en samkvæmt því sem ákærða upplýsti fyrir dómi fékk hún greidda frá honum mjög lága fjárhæð fyrir úttektirnar. Í ljósi allra atvika málsins og samkvæmt því sem að framan er rakið er ekki á það fallist með ákæruvaldinu að ákærðu hafi verið það ljóst að umræddir fjármunir væru afrakstur brotastarfsemi. Verður ákærða því ekki sakfelld fyrir peningþvætti af ásetningi eins og hún er ákærð fyrir. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að virða ákærðu það til gáleysis að hafa ekki gengið úr skugga um það með viðhlítandi hætti hver var uppruni þeirra fjármuna sem ákærða tók út og millifærði af bankareikningi félagsins. Fram hjá því verður ekki horft að beiðni Steingríms til ákærðu verður að teljast nokkuð óvenjuleg svo ekki sé fastara að orði kveðið. Samkvæmt því sem fram er komið verður ákærða sakfelld fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærukafla VII, en háttsemin er metin ákærðu sem gáleysisbrot.

Ákærukafla VIII

Samkvæmt þessum kafla ákærunnar er ákærðu Steingrími, Guðrúnu Höllu og Zophoníasi gefið að sök stórfellt fikniefnalagabrot. Ákærða Steingrími, með því að hafa í september eða október 2009 komið með tösku á þáverandi heimili meðákærðu Guðrúnar Höllu og Zophoníasar að [...] í Hafnarfirði, sem innihélt 11.024 grömm af kannabisefnum (hassi), ætluðum til söludreifingar í ágóðaskyni, beðið meðákærðu Guðrúnu Höllu og Zophoníasi að varðveita töskuna og fikniefnin í ótilgreindan tíma, og Guðrúnu Höllu og Zophoníasi fyrir að hafa 14. september 2010 á þáverandi heimili þeirra að [...] haft fyrrnefnd fikniefni í vörslum sínum sem

lögregla fann við húsleit. Í ákæru er háttsemin talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Steingrímur kannaðist ekki við það fyrir dómi að hafa komið með tösku á heimili Guðrúnar Höllu að [...] sem reyndist innihalda kannabisefni. Ákærða Guðrún Halla kvaðst fyrir dómi aðspurð hvorki vita með hvaða hætti fíkniefnin komu á heimili hennar eða hver væri eigandi þeirra og kvaðst ákærða ekki vita hvað hefði verið í töskunni. Fram kom í framburði ákærðu að hún, Zophonías og dætur þeirra þrjár hefðu verið til heimilis að [...] og Steingrímur þar með annan fótinn. Ákærða kvaðst ekki vita hvar á heimilinu taskan hefði fundist og kannaðist ekki við það að hún hefði fundist í hjónaherberginu. Greindi ákærða einnig frá því fyrir dómi að hún hefði verið í sambúð með Zophoníasi, en slitnað hefði upp úr sambúðinni í kjölfar þess að mál þetta kom upp. Loks gaf ákærða þær skýringar, aðspurð af verjanda sínum, að framburður hennar hjá lögreglu hefði verið annar en fyrir dómi vegna þess að hún hefði sætt gæsluvarðhaldi og einangrun og því gefið eftir við skýrslutöku hjá lögreglu.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu fór lögregla að [...] í Hafnarfirði þann 15. september 2010 þar sem ákærði Zophonías kom til dyra og bauð lögreglu inn í húsið. Skömmu síðar kom Guðrún Halla og heimilaði hún húsleit á heimilinu og undirritaði leitarheimild því til staðfestingar. Þá segir að Zophonías hafi fullyrt að ekkert sagnæmt væri að finna í húsinu og lagði mikla áherslu á að lögregla leitaði í húsinu. Yfirgaf hann vettvanginn og ætlaði að ná í börn hans og Guðrúnar Höllu sem voru í sundi. Skömmu síðar sýndi leitarhundur frá tollinum mikinn áhuga á fataherbergi í svefnherbergi. Á gólfu bak við herrafatnað fann lögregla bakpoka sem í var mikið magn fíkniefna. Haft er eftir Guðrúnu Höllu í skýrslunni að æskuvinur hennar, Steingrímur Ólafsson, hefði komið með bakpokann fyrir um tveimur mánuðum og beðið sig um að geyma hann. Kvaðst Guðrún hafa opnað bakpokann, en svarað því til mjög hikandi að hún hefði ekki gert sér grein fyrir því að fíkniefni væru í honum. Þá er haft eftir Guðrúnu Höllu í skýrslunni að meðákærði Zophonías hefði vitað af bakpokanum í íbúðinni. Auk fíkniefnanna fann lögregla við húsleitina 550.000 krónur í skúffu í fataherbergi og tvo Nokia-farsíma í sitthvorum plastpokanum ásamt símkortum.

Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 15. september 2010 segir að fíkniefnin hafi verið greind sem hass og vegið 11.024 grömm. Í matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði 21. september 2010 segir að tvö efnasýni, númer 1 og 3, hafi verið tekin til skoðunar og greiningar. Í báðum tilvikum var um kannabis að ræða. Í fyrrnefnda sýninu var magn tetrahýdrokannabínóls 1,6 mg/g og 3,0 mg/g í hinu síðarnefnda.

Ákærði Zophonías Eggertsson var yfirheyrður hjá lögreglu vegna málsins 15. og 21. september 2010. Hann greindi frá því að hann byggi ásamt Guðrúnu Höllu að [...] í Hafnarfirði og að meðákærði Steingrímur hefði komið á heimili þeirra í september eða október 2010 og beðið þau að geyma töskuna fyrir sig. Sagði hann að sig hefði grunað að eitthvað ólöglegt væri í töskunni, ekkert annað kæmi til greina. Hefði hann og Guðrún Halla tekið við töskunni sem hefði verið blá eða fjólublá Adidas-taska. Síðar hefðu efnin verið færð í aðra tösku. Hann lýsti því að efnin hefðu fyrst verið geymd í þvottahúsinu að [...] og síðar í fataskáp að [...] og svo í fataskáp að [...]. Enginn annar er hann, Guðrún Halla og Steingrímur hefði vitað um efnin.

Ákærða Guðrún Halla Sigurðardóttir var yfirheyrð hjá lögreglu 15. og 17. september 2010 og var framburður hennar á sama veg og framburður meðákærða Zophoníasar um það að Steingrímur hefði komið með tösku á heimili þeirra sem innihélt fíkniefni og beðið þau um að geyma efnin fyrir sig. Hafi bæði hún og Zophonías vitað hvert væri innhald töskunnar.

Ákærði Steingrímur Þór Ólafsson var yfirheyrður hjá lögreglu vegna málsins 25. nóvember 2010 og neitaði hann því að vera eigandi umræddra fíkniefna og kvaðst ekki vita hver væri eigandi þeirra. Þegar borinn var undir Steingrím framburður Guðrúnar Höllu og Zophoníasar um að hann hefði komið með efnin og beðið þau um að geyma fyrir sig tösku kvaðst ákærði ekki ætla að tjá sig meira um málið.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður ekki annað ráðið af framburði ákærðu Guðrúnar Höllu og Zophoníasar hjá lögreglu en að þau hafi bæði játað vörslur fíkniefnanna. Bæði bera þau um þessi atvik með allt öðrum hætti fyrir dómi en hjá lögreglu, án þess að gefa trúverðugar skýringar á breyttum framburði. Ákærði Steingrímur hefur á hinn bóginn staðfastlega neitað allri aðild að málinu, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Fyrir dómi gaf hann litlar skýringar á framburði meðákærðu Guðrúnar Höllu og Zophoníasar.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Ef ákærði eða vitni ber á annan hátt fyrir dómi en hjá lögreglu er dómara heimilt, samkvæmt 1. og 2. mgr. 109. gr. laganna, að taka tillit til þess sem fram kemur í lögregluskýrslu, ef hann telur breyttan framburð fyrir dómi ótrúverðugan, en sakfelling verður hins vegar ekki reist á skýrslugjöf hjá lögreglu einni og sér. Það er mat dómsins að ákærðu Guðrún Halla Sigurðardóttir og Zophonías Eggertsson hafi ekki gefið trúverðugar skýringar á breyttum framburði sínum fyrir dómi um þátt ákærða Steingríms Þórs Ólafssonar sem lýst er í 1. tölulið VIII. kafla ákærunnar og þykir mega taka tillit til framburðar þeirra hjá lögreglu við sakarmat í málinu,

einnig að því er tekur til háttsemi sem lýst er í 2. tölulið VIII. kafla ákærunnar.

Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið telst að mati dómsins hafið yfir skynsamlega vafa, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærðu Steingrímur Þór Ólafsson, Guðrún Halla Sigurðardóttir og Zophonías Eggertsson hafi framið þá háttsemi sem lýst er í VIII. kafla ákærunnar og með því gerst sek um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4

Í máli þessu er ákærðu, öðrum en ákærða Zophoníasi Eggertssyni, gefin að sök háttsemi sem talin er varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Voru brotin framin á tímabilinu frá 6. október 2009 til loka júlí 2010. Með lögum nr. 149/2009 var ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga breytt og tók breytingin gildi 18. desember 2009, eða á því tímabili sem brot ákærðu voru framin. Horfa ber til þess að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma eftir nýrri lögunum hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framin og til þess að dómur gengur, bæði um refsinámi verknaðar og refsingu. Ekki má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og aldrei þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Í eldra ákvæði 1. mgr. 264. gr. sem gildi fyrir breytingu með 7. gr. fyrrnefndra laga nr. 149/2009 var kveðið á um tveggja ára fangelsisrefsingu sem refsihámark.

5

Ákvörðun refsingar

Stórfelldur og ámælisverður dráttur hefur orðið á meðferð málsins. Samkvæmt gögnum lögreglu voru brot ákærðu framin á tímabilinu frá október 2009 til júlí 2010. Rannsókn málsins hófst um miðjan september 2010. Skýrslum lögreglu af ákærðu og vitnum var að mestu lokið í ársbyrjun 2011. Skýrsla af einu vitni var tekin í janúar 2012. Þá liggur fyrir að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins vann sérstaka greinargerð um sérstaka skráningu vegna mála Ólafsson-heildverslunar ehf. og H94 ehf. sem dagsett er 15. september 2010. Þá vann embættið skýrslu um afgreiðslu hjá skattyfirvöldum á beiðni Ólafsson-heildverslunar ehf. og vegna beiðni H94 ehf. Skýrslur fyrir hvort félag fyrir sig eru dagsettar 20. desember 2013. Þá liggur fyrir endurskoðuð skýrsla skattrannsóknarstjóra, dagsett 23. júlí 2014.

Meðal rannsóknargagna eru greiningar sem lögregla vann um fjármál þriggja ákærðu, þeirra Halldórs Jörgens Gunnarssonar, Steingríms Þórs Ólafssonar og Borgþórs Friðriks Ágústssonar. Tvær greininganna eru ódagsettar, en sú þriðja er dagsett 17. febrúar 2014. Rannsóknargögn málsins bárust ákærvaldinu 30. júní 2014 og ákæra var gefin út 14. mars 2016. Af þessu er óhjákvæmilegt að draga aðra

ályktun en þá að rannsókn málsins hafi ekki verið fram haldið með viðhlítandi hætti og nokkrum sinnum á árunum 2011, 2012 og 2013 hafi orðið hlé á rannsókn málsins án þess þó að rannsóknin hafi beinlínis stöðvast um lengri tíma hjá lögreglu. Þá liggur fyrir að eftir að málið barst ákærvaldinu í lok júní 2014 liðu tæp tvö ár þangað til ákæra var gefin út. Verður ákærðu á engan hátt kennt um þennan stórfellda drátt á meðferð málsins hjá lögreglu. Í húfi eru mikilsverð réttindi sakborninga um hraða málsmeðferð. Í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir að öllum beri réttur til að fá úrslausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Hliðstætt ákvæði er að finna í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Loks er meginregla sakamálaréttarfars um hraða málsmeðferð lögfest í 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en þar kemur með skýrum og ótvíræðum hætti fram að þeim sem rannsaka sakamál beri skylda til þess að hraða meðferð máls eftir því sem kostur er. Að mati dómsins er málsmeðferðin í miklu ósamræmi við fyrrnefnd ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má ákveða í dómi að fresta fullnustu refsingar um tiltekinn tíma með skilyrðum sem eru tilgreind í 3. mgr. greinarinnar. Þegar brot eru alvarleg og löng refsivist er ákveðin er heimild til skilorðsbindingar alla jafna beitt af varúð. Það er dómstóla að ákveða skilorðsbindingu og eru engar skorður reistar við skilorðsbindingu að því er tekur til tegundar brots eða lengdar refsivistar.

Ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson hefur ekki áður sætt refsingu. Ákærði hefur verið fundinn sekur um fjársvik framin í opinberu starfi og peningþvætti. Brot hans teljast alvarleg og voru skipulögð og varða verulegum fjárhæðum. Með háttsemi sinni olli ákærði ríkissjóði fjártjóni. Í lögfræðinámi kynnti ákærði sér sérstaklega frjálsa og sérstaka skráningu. Auk þess sem fram er komið um stórfelldan og ámælisverðan drátt á meðferð málsins, sem horfir til refsimildunar, verður við ákvörðun refsingar ákærða litið til 1., 2. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brotavilji og styrkur ákærða þykir hafa verið einbeittur sem horfir til refsipýngingar. Ákærði var opinber starfsmaður í skilningi 141. gr. a almennra hegningarlaga. Að mati dómsins á ákærði sér engar málsbætur. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Vegna hins stórfellda dráttar á málsmeðferðinni þykir ekki hjá því komist að ákveða að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 5. nóvember 2010 að

fullri dagatölu.

Ákærði Steingrímur Þór Ólafsson, sem fundinn er sekur um peningaþvætti og stórfellt fíkniefnalagabrot, hefur ekki sætt refsingu sem máli skiptir fyrir ákvörðun refsingar hans. Til refsilyngingar horfir að brot hans varða verulegum fjárhæðum, stóðu yfir í nokkuð langan tíma og voru vel skipulögð. Þá var ávinningur hans af brotunum allnokkur. Ákærði á sér engar málsbætur. Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til 1., 2. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu, og því að ákærði er auk peningaþvættis sakfelldur fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Vegna hins stórfellda og ámælisverða dráttar á málsmeðferðinni þykir ekki hjá því komist að ákveða að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 13. nóvember 2010 til 10. desember 2010 að fullri dagatölu.

Ákærði Borgþór Friðrik Ágústsson á að baki sakaferil sem nær aftur til ársins 1992. Með dómi 27. mars það ár var honum gert að sæta fangelsi í fjóra mánuði sem var skilorðsbundið til þriggja ára fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum. Var ákærði sviptur ökurétti í tvö ár. Með dómi 28. júní 1995 var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjú mánuði, skilorðsbundið til þriggja ára, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Þá var ákærða með dómi 15. nóvember 1995 gert að sæta fimm mánaða fangelsi sem var skilorðsbundið til þriggja ára fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum. Með dómi Hæstaréttar Íslands 16. desember 2010 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Loks samþykkti ákærði viðurlagaákvörðun 30. október 2014 og greiðslu sektar fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Ákærði er fundinn sekur um peningaþvætti, framið í júlí 2010. Brotið er hegningarauki við brot sem ákærða var ákveðin refsing fyrir með fyrrnefndum dómi Hæstaréttar og viðurlagaákvörðun. Ber að ákveða refsingu ákærða fyrir brot það sem hann er nú sakfelldur fyrir með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar er einnig litið til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Brot ákærða er stórfellt og um mikil verðmæti að ræða. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Vegna hins stórfellda dráttar á málsmeðferðinni þykir ekki hjá því komist að ákveða að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði

sætti frá 11. október 2010 til 5. nóvember 2010 að fullri dagatölu.

Ákærði Thomas Zahniser hefur ekki áður sætt refsingu. Ákærði kom ekki að skipulagningu brotsins, en það varðar umtalsverðum fjárhæðum og það stóð yfir í nokkuð langan tíma. Til málsbóta horfir fyrir ákærða að hann hefur gengist við broti sínu greiðlega, sýnt iðrun og upplýst um þátt annarra. Á ákærði sér þannig miklar málsbætur. Ákærði hafði mjög lítinn ávinning af brotinu. Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Vegna málsbóta og stórfellds dráttar á málsmeðferðinni er ákveðið að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 12. október 2010 að fullri dagatölu.

Ákærða Guðrún Halla Sigurðardóttir hefur ekki áður sætt refsingu. Brot hennar varða verulegum fjárhæðum og voru framin á löngu tímabili. Ákærða á sér engar málsbætur. Ákærða hafði mikinn ávinning af brotinu. Við ákvörðun refsingar ákærðu er litið til 1., 2. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu, og því að ákærða er auk peningaþvættis sakfelld fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Vegna stórfellds dráttar á málsmeðferðinni er ákveðið að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 15. september 2010 til 11. október 2010 að fullri dagatölu. Þá verður ákærðu gert að sæta upptöku á fjármunum þeim sem fundust á heimili hennar við húsleit eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Unnar Vilhelm Karlsson hefur ekki áður sætt refsingu. Hann er í málinu fundinn sekur um peningaþvætti framið af gáleysi. Ákærði hafði lítinn ávinning af brotinu. Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Vegna stórfellds dráttar á málsmeðferðinni er ákveðið að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 12. október 2010 að fullri dagatölu.

Ákærða Sigríður E. Guttormsdóttir er í málinu fundin sek um peningþvætti framíð af gáleysi. Sakaferill hennar hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar hennar. Hún hafði lítinn ávinning af brotinu. Við ákvörðun refsingar ákærðu er litið til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Vegna stórfellds dráttar á málsmeðferðinni er ákveðið að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 15. september 2010 til 12. október 2010 að fullri dagatölu.

Ákærði Zophonías Eggertsson hefur ekki áður sætt refsingu. Hann er í málinu fundinn sekur um stórfellt fíkniefnalagabrot. Hann á sér ekki málsbætur. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Vegna stórfellds dráttar á málsmeðferðinni er ákveðið að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 6. október 2010 að fullri dagatölu. Þá verður ákærða gert að greiða sakarkostnað svo sem í dómsorði greinir.

Þóknun verjenda ákærðu er ákveðin svo sem í dómsorði greinir. Í öllum tilvikum hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar verjenda.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Einar Tryggvason saksóknari.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómarmennirnir Jón Höskuldsson, sem dómsformaður, Gunnar Aðalsteinsson og Sandra Baldvinsdóttir. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D ó m s o r ð:

Ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson sæti fangelsi í fjögur ár. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 5. nóvember 2010 að fullri dagatölu.

Ákærði Steingrímur Þór Ólafsson sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 13. nóvember 2010 til 10. desember 2010 að

fullri dagatölu.

Ákærði Borgþór Friðrik Ágústsson sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 11. október 2010 til 5. nóvember 2010 að fullri dagatölu.

Ákærði Thomas Zahniser sæti fangelsi í 12 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 12. október 2010 að fullri dagatölu.

Ákærða Guðrún Halla Sigurðardóttir sæti fangelsi í 18 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 15. september 2010 til 11. október 2010 að fullri dagatölu.

Ákærði Unnar Vilhelm Karlsson sæti fangelsi í fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 12. október 2010 að fullri dagatölu.

Ákærða Sigríður E. Guttormsdóttir sæti fangelsi í fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 15. september 2010 til 12. október 2010 að fullri dagatölu.

Ákærði Zophonías Eggertsson sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til fullnustu refsingarinnar skal draga frá henni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 15. september 2010 til 6. október 2010 að fullri dagatölu.

Upptæk eru gerð samtals 11.024 grömm af kannabisefnum sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði Steingrímur Þór Ólafsson sæti upptöku á gylltum og silfurlituðum krossi, gullkeðju, Tag Heuer-armbandsúri og 5.800.000 krónum, auk áfallinna vaxta og verðmætaaukningar frá 6. desember 2010 til upptökudags.

Ákærða Guðrún Halla Sigurðardóttir sæti upptöku á 550.000 krónum, auk áfallinna vaxta og verðmætaaukningar frá 14. september 2010 til upptökudags.

Ákærði Halldór Jörgen Gunnarsson greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 6.555.880 krónur, og 1.785.600 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákærvaldsins.

Ákærði Steingrímur Þór Ólafsson greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 3.162.000 krónur, og 181.304 krónur í annan sakarkostnað, þar af 102.899 krónur sameiginlega með ákærðu Guðrúnu Höllu Sigurðardóttur og Zophoníasi Eggertssyni.

Ákærði Borgþór Friðrik Ágústsson greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Ólafs Arnar Svanssonar hæstaréttarlögmanns, 3.119.840 krónur, og 923.115 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákærvaldsins.

Ákærði Thomas Zahniser greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Þórs Ólasonar héraðsdómslögmanns, 3.570.890 krónur, og 2.999 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákærvaldsins.

Ákærða Guðrún Halla Sigurðardóttir greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hæstaréttarlögmanns, 3.782.800 krónur, 41.760 krónur í aksturskostnað og 102.899 krónur í annan sakarkostnað, sameiginlega með Steingrími Þór Ólafssyni og Zophoníasi Eggertssyni.

Ákærði Unnar Vilhelm Karlsson greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Arnars Þórs Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 2.529.600 krónur. Þá greiði ákærði þóknun tilnefnds verjanda á rannsóknarstigi, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 800.000 krónur.

Ákærða Sigríður E. Guttormsdóttir greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar hæstaréttarlögmanns, 3.794.400 krónur, og 42.900 krónur í aksturskostnað.

Ákærði Zophonías Eggertsson greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar héraðsdómslögmanns, 2.086.920 krónur, og 102.899 krónur í annan sakarkostnað, sameiginlega með ákærðu Guðrúnu Höllu Sigurðardóttur og Steingrími Þór Ólafssyni.

Jón Höskuldsson
Gunnar Aðalsteinsson
Sandra Baldvinsdóttir